



Handbók um umhverfisstarf í kirkjunni

Fyrsta útgáfa

Umhverfisnefnd þjóðkirkjunnar

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Umhverfisstefna Þjóðkirkjunnar.....	5
Atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála fyrir árin 2018-2020	5
Greinargerð með umhverfisstefnu	6
Verkfæri fyrir söfnuði	9
Hvernig hafa kirkjur tekið til verka?	9
Að verða grænn söfnuður	11
Daglegur rekstur safnaðarins	12
Fyrsta græna skref Umhverfisstofnunar	12
Innkaup, neysla og sorp.....	13
Guðspjónustan.....	15
Hvenær og hvernig	15
Praktísk atriði við skipulagningu náttúrutengdrar guðspjónustu	17
Bænastöðvar	19
Ráðleggingar fyrir kirkjukaffi og aðrar upptakomur	21
Ritningarstaðir tengdir sköpunarverkinu	23
Bænir	23
Syndajátning og miskunnarbænir	25
Blessunarorð og kveðja	27
Ritúöl og guðspjónustuform.....	29
Gæludýrablessun	29
Reiðhjólablessun	29
Græn í garði Guðs: altarisganga	30
Kvöldmessa: Fyrir lífið á jörðu Guðs.....	32
Græn messa frá Noregi.....	35
Útiguðspjónusta.....	36
Gönguhefti fyrir loftslagspílagríma.....	39
Fjallgöngu guðspjónusta.....	41
Fyrir barnastarfið.....	43
Vefur jarðar, réttlætisvottanir og taupokar	43
Ýmsar hugmyndir fyrir barnastarfið.....	44
Guðfræði.....	47
Kristin trú og umhverfismál	48
Mannmiðlægni, ráðsmennska og lífmiðlægni	50
Vistfræði samtímans í ljósi Davíðssálma	52

Trúboð og umhverfisvernd.....	54
Ítarefni um vistguðfræði.....	57
Næstu skref.....	58

Handbók um umhverfisstarf í kirkjunni, fyrsta útgáfa.

Umhverfisnefnd Þjóðkirkjunnar, 2018

www.kirkjan.is/graenkirkja

www.facebook.com/graenkirkja

Allt efni í þessari handbók má nýta, birta og byggja á í starfi þjóðkirkjusafnaða og annarra kristinna trúfélaga, þar með talið er heimilt að afrita og ljósrita efni bókarinnar.

Efni handbókarinnar er að mestu leyti fengið frá norsku kirkjunni og meþódistakirkjunni í Noregi og þýtt með þeirra leyfi.

Efni sem fengið er frá íslenskum guðfræðingum er birt með þeirra leyfi.

Sindri Geir Óskarsson guðfræðingur safnaði saman efni handbókarinnar, þýddi og staðfærði.

Inngangur

Eftir að hafa legið í dvala hefur færst líf í umhverfisstarf kirkjunnar. Skipað var í umhverfisnefnd sem skyldi sjá um að setja saman nýja umhverfisstefnu fyrir kirkjuna og 2017 samþykkti kirkjuping umhverfisstefnu og aðgerðaráætlun fyrir umhverfisstarf kirkjunnar til næstu ára.

Þessi handbók verður til sem svar við kalli aðgerðaráætlunarinnar um að gerð verði handbók fyrir söfnuði þjóðkirkjunnar um umhverfisstarf.

Á þessum síðum má finna guðfræðilegar vangaveltur, hugvekjur, guðspjónustuefni og hagnýtt efni fyrir söfnuði sem hafa áhuga á leggja áherslu á sköpunarverkið og náttúruna í boðun sinni og starfi. Hér er bæði að finna gamalt efni sem enn hefur gildi og nýtt efni sem mikið til er þýtt og staðfært frá systurkirkju okkar í Noregi. Handbókin er ekki aðeins ætluð prestum heldur öllum sem hafa áhuga á tengslum kirkju, náttúru og umhverfisstarfs.

Þessi fyrsta útgáfa er tilraunaverkefni og við köllum eftir því að þau sem noti hana taki þátt í að móta næstu útgáfu með því að hafa samband við umhverfisnefndina og láta vita hvað hefur komið að gagni, hvað mætti betur fara, hvað vantar og hvert þið hafið áhuga á að stefna. Við viljum gjarnan heyra hvað þið hafið gert og ef þið hafið sett saman bænir eða efni sem ætti heima í handbókinni viljum við gjarnan að þið deilið því með okkur.

Við erum saman á þessari göngu.

Í umhverfisnefnd þjóðkirkjunnar sitja nú.

Sr. Axel. Á. Njarðvík, héraðsprestur í Suðurprófastsdæmi

Björn Erlingsson, hafeðlisfræðingur

Sr. Elínborg Sturludóttir, dómkirkjuprestur

Sr. Halldór Reynisson, verkefnastjóri á Biskupsstofu

Sindri Geir Óskarsson, guðfræðingur

Umhverfisstefna þjóðkirkjunnar

Samþykkt á kirkjuþingi 2017

Vísindin hafa fært sönnur á að mannkynið stendur frammi fyrir loftslagsvá sem ógnar lífríki og vistkerfum jarðar og teflir hlutskipti komandi kynslóða í tvísýnu. Fátækt fólk á jaðarsvæðum, frumbyggjar á pólsvæðum og íbúar strandbyggða og láglandra eyja glíma þegar við afleiðingar loftslagsbreytinga. Takist ekki á næstu áratugum að koma fram þeirri umbreytingu sem Parísarsamkomulag þjóðríkja kallaði á árið 2015, blasa við hamfarir um heim allan. Þessi vandi er siðferðilegt málefni sem varðar alla.

Alkirkjuráðið og Lútherska heimssambandið hafa í þrjá áratugi látið loftslagsmál til sín taka. Íslenska þjóðkirkjan er aðili að stefnu þeirra þar sem áréttað er að jörðin sé ekki til sölu. Í henni felst áskorun til safnaða og leiðtoga kirkjunnar um að boða frið við jörðina, hófsaman lífsstíl og réttláta skiptingu jarðargæða. Þar er einnig um að ræða hvatningu til trúmennsku við þá spámannlegu köllun kirkjunnar að benda á óréttlæti, ójöfnuð, félagslega neyð og náttúruspjöll af völdum loftslagsbreytinga

Lífið og tilveran öll er sköpunarverk Guðs. Lífið er heilagt og hefur eigið gildi. Manneskjan er hluti af náttúrunni en ekki yfir hana hafin. Hún ber jafnframt sérstaka ábyrgð vegna stöðu sinnar í sköpunarverki Guðs samkvæmt gyðing-kristinni hefð. Þeirri ábyrgð fylgir sú siðferðilega skylda að hlúa að öllu lífi. Hlutverk mannkyns er að yrkja jörðina, vernda hana og næra, og nýta gæði hennar af umhyggju og virðingu með sjálfbærni að leiðarljósi.

Einkennisorð þjóðkirkjunnar eru: Biðjandi, boðandi, þjónandi.

- Við biðjum fyrir því að allir sem á Íslandi búa vakni til vitundar um nauðsyn þess að umbreyta lífsháttum þannig að markmið í loftslagsmálum og náttúruvernd náist.
- Við boðum lífsmáta sem dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, sóun orku og matar og notkun skaðlegra umbúða.
- Við þjónum náttúrunni sem allra best öllum í hag, meðal annars með endurheimt votlendis, skógrækt, landgræðslu og vistvænni starfsemi söfnuða kirkjunnar.

Við sem störfum í kirkjunni viljum taka höndum saman við aðrar hreyfingar og einstaklinga sem láta sig náttúruvernd og baráttuna gegn loftslagsvá varða. Samstillt átak og stuðning almennings þarf til þess að knýja fyrirtæki og stjórnvöld til þess að standa við markmið í loftslagsmálum og náttúruvernd.

Kirkjan lætur sig varða náttúruvernd og sýnir í orði og verki að hún tekur loftslagsmálin alvarlega. Kirkjuráði og umhverfisnefnd kirkjunnar er falið að fylgja umhverfisstefnunni eftir með aðgerða- og starfsáætlun sem sé fjármögnuð. Markmiðið er að vekja starfsfólk og söfnuðinn til umhugsunar um náttúruna og náttúruvernd, veita þeim úrræði til að sporna gegn frekari loftslagsbreytingum og til að leggja sitt af mörkum.

Atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála fyrir árin 2018-2020

Í samræmi við umhverfisstefnu þjóðkirkjunnar samþykkir kirkjuþing eftirfarandi atriði í aðgerðaráætlun umhverfismála 2018-2020:

- Handbók um umhverfisstarf í söfnuðum og kirkjustarfi verði endurnýjuð og birt á vef kirkjunnar, á efnisveitu kirkjunnar.
- Kirkjan stundi siðræn viðskipti með áherslu á hag frumframleiðenda og umhverfissvottaðar vörur.

- Staðið verði fyrir námskeiðum um umhverfismál t.d. vistmenningu, innkaup á vörum og sorpflokkun.
- Efnt verði til samstarfsverkefna með öðrum hreyfingum, stofnunum og einstaklingum sem vinna að umhverfismálum og sjálfbærni.
- Tímabil sköpunarverksins, sem efnt var til í fyrsta sinn sl. haust, verði fest í sessi í september ár hvert, með viðburðum, helgihaldi og fræðslu um umhverfismál, t.d. umhverfisdögum í kirkjum og uppskerumessum.
- Sérstök áhersla verði lögð á umhverfisfræðslu í barna-, og æskulýðsstarfi kirkjunnar, svo og í fermingarstarfi.
- Í samræmi við ályktun frá kirkjuþingi unga fólksins (3. mál 2017) um að einnota plastmálum verði útrýmt úr safnaðarstarfi kirkjunnar, verður notkun einnota plastmála hætt þegar í stað. Notkun annarra einnota áhalda, borðbúnaðar og umbúða í safnaðarstarfi kirkjunnar verði hætt fyrir árslok 2018.
- Efld verði að nýju átaksverkefni og starf í líkingu við *Breytendur* á vegum Hjálparstarfs kirkjunnar.
- Gert verði sérstakt átak í endurheimt votlendis á kirkju- og prestssetursjörðum með sambærilegum hætti og gert hefur verið í Skálholti. Haldið verði áfram skógrækt og landgræðslu á kirkjujörðum með endurnýjuðum krafti.
- Undirbúinn verði farvegur fyrir stærri söfnuði til þess að fá vottun á sjálfbærri starfsemi sinni hjá Umhverfisstofnun.

Greinargerð með umhverfisstefnu

1. Áhrif loftlagsbreytinga, vonarrík framtíð, ábyrgð manneskjunnar og ákall náttúrunnar

- Nefnd sem starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna og kallast milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar (IPCC) gefur á nokkurra ára fresti út úttektarskýrslu um áhrif loftlagsbreytinga. Síðasta skýrsla var gefin út 2014. Samkvæmt þeirri skýrslu eru áhrif loftlagsbreytinga víðtækastar í náttúruferlinum. Þær hafa áhrif á bráðnun íss og vatnsauðlindir, dýralíf og hafa neikvæð áhrif á jarðrækt svo dæmi séu tekin. Náttúruvá hefur oft neikvæð áhrif á fátækari hópa.
- Nauðsynlegt er að grípa til aðgerða, þar lætur kirkjan ekki sitt eftir liggja. Með því að huga vel að sköpuninni erum við að lúta vilja Guðs.
- Mannkynið er hluti sköpunarinnar, þær loftlagsbreytingar sem við stöndum frammi fyrir kalla á endurnýjun boðunar og fagnaðarerindisins og samtal um sambýli okkar við jörðina.
- Kirkjan er kölluð til að taka þátt í vitundarvakningu varðandi umhverfisvernd og breytingu á hugsunarhætti þegar kemur að umhverfinu og náttúrunni.

2. Staða manneskjunnar í náttúrunni og nauðsynlegar breytingar á samfélagsgerðinni

- Loftlagsbreytingar og þær afleiðingar sem breytingarnar hafa í för með sér er ógn, ekki bara vegna þess að Guð treystir manneskjuni fyrir náttúrunni og sköpuninni heldur vegna þess að lífið er gjöf sem ber að verja fyrir hverri ógn.

- Leggja þarf áherslu á sjálfbær hagkerfi og útrýma ósjálfbærum hagkerfum sem ganga gegn umhverfislegri og félagslegri sjálfbærni.
- Hugmyndin um „Guðs góðu sköpun“ glatast þegar samfélagið telur manneskjuna sjálfstæða og óháða veru í náttúrunni og hafnar því að æðri vitund eða veruleiki sé til.
- Manneskjan lýtur ekki vilja Guðs með því að spilla náttúrunni. Það er synd gagnvart Guði og mönnum sem og glæpur gegn náttúru jarðar.
- Hvetja þarf til þess að leitað verði lausna í stað þess að takast einungis á við afleiðingarnar. Slíkar lausnir geta falið í sér að færa þarf fórnir og huga að náunganum. Í þessu samhengi er náttúran náungi minn. Í stað óhóflegrar neyslu og takmörkunar á skiptingu gæða þarf að minnka neyslu og huga að réttlátri skiptingu gæða.

3. Leið náttúrunnar til manneskjunnar og manneskjunnar til náttúrunnar gegnum trú

- Gangna þarf til móts við náttúruna, vera eitt með og í henni og muna að manneskjan er hluti af sköpunarverkinu.
- Afleiðing þess að finna fyrir nálægð sköpunar og náttúru er að manneskjan verður sjálfkrafa auðmjúk frammi fyrir sköpuninni.
- Með upplifun á náttúrunni getur manneskjan séð Guð opinberast í sköpuninni, náttúrunni. Manneskjan getur séð kærleika Guðs gagnvart stóru sem smáu opinberast í náttúrunni.
- Allar manneskjur þurfa að vinna saman að því að snúa við neikvæðri þróun á umhverfi og náttúru og reyna að finna sjálfbærar lausnir á umhverfisvandnum. Slík samstaða vekur von um að hægt sé að sporna gegn frekari loftslagsbreytingum og náttúruvá af hennar völdum. Samkvæmt kristnum mannskilningi er ímynd Guðs að finna í hverri manneskju, slík samstaða eflir vonina um að skapa sameiginlega framtíð allra. Sömuleiðis eru allar manneskjur ábyrgar fyrir umhverfisvánni sem við stöndum frammi fyrir. Fræðslu og þekkingu um stöðu mála þarf að miðla til allra til að vekja fólk til vitundar um umhverfisvána og hvetja fólk til náttúruverndar.
- Um leið þurfum við að hlusta á þær raddir ungs fólks sem undrast að hægt sé að tala um að skapa betri heim án þess að hugsa um umhverfisvána. Ábyrgðarleysi okkar núna í umhverfismálum má ekki bitna á börnum okkar og barnabörnum sem þurfa síðar að gjalda fyrir það.

4. Almennagæði og syndin gegn náttúru og mannkyni

- Við ógnum lífi okkar og umhverfi með því að menga loft, jörð, fæðu og vatn. Ýmis efni sem búin eru til af manna völdum eyðileggja vistkerfi og eru raunveruleg ógn við líf, heilsu og lífsgæði.
- Kostnaðurinn sem hlýst af lakari heilsu af mengunarvöldum er gríðarlegur og kostar samfélagið mikið.
- Að afneita því að heilsutjón almennings af mengunarvöldum sé staðreynd er synd gegn Guði og náttúrunni.
- Þjóðir sem þurfa að flýja búsvæði vegna mengunar eru flóttamenn og eiga réttláta og sanngjarna kröfu á að setjast að annars staðar.
- Stór hnattvæn vistkerfi eins og heimshöfin eru sameiginleg eign allra þjóða og eiga að njóta verndar alþjóðasamfélagsins. Aðgerðir til mótvægis á súrnun heimshafanna er nauðsynleg. Spilling hafanna er synd gegn Guði.

- Aðgangur að hreinu og óspilltu vatni eru almannagæði (óseljanleg). Það er á ábyrgð alþjóðasamfélagsins að varðveita og hindra spillingu þeirra gæða. Hindrun í aðgangi að vatni til lífsviðurværis og ræktunar er glæpur gegn grundvallar mannréttindum og sköpunarverkinu.

5. Rányrkja jarðar, spilling náttúrugæða og réttur til almannagæða

- Líffræðilegur fjölbreytileiki er ómetanlegur fyrir mannkynið. Hægt er að nota hann til að takast á við náttúrulegar breytingar, sækja í sjóði lækninga og sjálfbæra þróun til tækniframfara.
- Líffræðilegur fjölbreytileiki eru almannagæði í sjálfu sér. Allar lífverur eru almannagæði hvers líf og tilvist ber að virða.
- Mismunandi vistkerfi náttúrunnar eru ígildi lífvera sem lúta umgengisreglum eins og lífverur og eyðing þeirra eru glæpir gegn náttúru og mannkyni.
- Hagnýting náttúrugæða eru afnotaréttur sem veittur er af því samfélagi sem þróast hefur í og af þeim gæðum og getur eðli sínu samkvæmt aldrei orðið varanleg eign en eru varanlegt andlag verndunar og umhyggju þess samfélags.
- Skilyrði fyrir sjálfbærri nýtingu jarðgæða er þekking á þeim og þróun þeirra ásamt reynslu af viðgangi þeirra og afkomu. Nýting og afrakstur skal á hverjum tíma vera í samræmi við bestu þekkingu og yfirhýlming á skaðlegum áhrifum nýtingar á náttúru, líf og heilsu ætti að vera refsiverð.

6. Manneskjan í samfélagi og umhverfi, - samfélög manneskjunnar sem vistkerfi

- Manneskjan er lífvera í samfélagi og á rétt á að lifa með reisn. Hver samfélagsgerð er vistkerfi og ber að hlúa að öllum þáttum sjálfbærni þess í réttlátu samræmi við menningu, arfleifð og velferð.
- Samfélög þjóða bera ábyrgð á því að styðja við sjálfbærni byggða og borga í sínu nágrenni og aðstoða við að leysa úr vanda við fæðuöflun, byggingu innviða og hollustu meðan verið er að koma jafnvægi á og stuðla að lífvænlegu og réttlátu samfélagi til frambúðar.
- Þroski manneskjunnar sem vitsmunaveru í trúarsamfélagi og trú eru samfélagsleg gæði sem ber að rækta og virða á forsendum trúarsamfélagsins sjálfs svo framarlega sem það sé gert í samræmi við mannréttindi og almannaheill.
- Ójöfnuður í samfélagi manneskjunnar sem byggir á mismunun og ranglátri auðsöfnun fárra gengur gegn réttlæti og er andstæða við sjálfbærni. Eðli slíks ástands getur leitt til ófriðar og því getur slíkt ástand leitt af sér samfélagshrun.
- Náttúran er berskjölduð gegn slæmri meðferð og á engan annan málsvara en manneskjuna. Það er skylda manneskjunnar að hlúa að náttúrunni. Að afneita eða horfa fram hjá skyldum sínum er tilhneiging sem dvelur í okkur öllum og ógnar sú tilhneiging framtíð okkar á jörðinni. Kirkjan verður að opna augun fyrir og vinna gegn því að spilling á umhverfinu og siðferðileg hnignun haldist í hendur.

Verkfæri fyrir söfnuði

Við erum heppin á Íslandi að margt kirkjufólk, djáknar, leikmenn og prestar, er áhugasamt um umhverfismál og tengsl trúar við náttúruna. Víða fær náttúran sess í kirkjustarfinu á einhvern máta, t.d. í útigudspjónustum og umhverfisfræðslu í fermingarstarfinu. Það sem hefur vantað eru verkfæri fyrir söfnuði sem vilja taka skref áfram í umhverfismálum, hugmyndir og guðspjónustuefni. Hér á eftir má finna frásagnir frá söfnuðum sem hafa verið að vinna að umhverfismálum og leiðarvísi umhverfishóps kirkjunnar að því hvernig söfnuðir geti orðið *Grænir söfnuðir*. Hér er einnig nokkuð af efni sem hægt er að nota í guðspjónustunni og við helgihald safnaðarins. Allt sem hér er að finna má nota, endurvinna, breyta og endurraða eins og hentar. Guð gefi ykkur innblástur til að þjóna sköpunarverkinu og lífinu.

Hvernig hafa kirkjur tekið til verka?

Skálholt ríður á vaðið

Í Skálholti hefur kirkjan tekið til verka við að draga úr vistspori sínu með að hefja endurheimt votlendis og moka ofan í gamla skurði á kirkjújörðinni. Hugmyndina að þessu átti Vigdís Finnbogadóttir fv. forseti og Minningarsjóður Páls Ólafssonar studdi framkvæmdina. Einnig er verið að vinna að því að taka upp þráðinn með skógrækt á jörðinni en árið 2018 ráðstafaði Biskup Íslands 230 hekturum af landi kirkjunnar til Skógræktar Íslands. Endurheimt votlendis og skógrækt á kirkjújörðum eru verkefni sem söfnuðir um allt land gætu tekið upp og þannig lagt lóð sína á vogarskálarnar.

Skref í rétta átt í Keflavík

„Í Keflavíkirkirkju fengum við starfsmenn Umhverfisstofnunar á fund til að ræða hvernig við gætum orðið grænni. Í framhaldinu fórum við að flokka rusl sem var ekki almennt gert í sveitarfélaginu. Við kaupum aðeins umhverfismerktar hreinlætisvörur og allt starfsfólk kirkjunnar hjólar eða gengur til vinnu. Til að spara pappír og blek ípad-væddum við kórinn og nú hlaða þau nótunum niður fyrir messur og tónleika. Við fengum pípara til að leiðbeina okkur með hitaveitukerfið og við nánast slökkvum á því í apríl, það getur orðið örlítið kalt en við spörum mikið á því, bæði orku og peninga. Við rifum upp runna í garði kirkjunnar og komum upp matjurtagarði þar sem við ræktum grænmeti sem er notað í uppskerusúpur eftir messu á haustin, einnig sultum við rabbabara og nýtum í hjónabandssælur vetrarins. Það sem er næst á dagskrá er að koma upp hjólaskýli við kirkjuna.“

Sr. Erla Guðmundsdóttir, sóknarprestur Keflavíkirkirkju

Umhverfisfræðsla á Akureyri

„Í Glerárkirkju stóð prófastsdæmið fyrir röð fræðslukvölda um umhverfismál þar sem boðið var upp á fræðilega og hagnýta fyrirlestra til skiptis. Þar fengum við m.a. Árna Finnsson hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands til að ræða við okkur um súrnun sjávar og Huldu B. Waage sem er vegan aðgerðarsinni til að ræða ávinninginn fyrir náttúruna af því að draga úr kjötneyslu. Við buðum upp á vinnukvöld þar sem við bjuggum til fjölnota innkaupapoka en trúarlegi þátturinn fékk líka sitt pláss. Fjallað var um arfleið Frans frá Assísí, við skoðuðum hvernig 12 sporin geta stutt okkur í því að losna úr hlekkjum neysluhyggju og boðskapur keltneskrar kristni fyrir okkur sem þurfum að endurnýja tengslin við náttúruna var ræddur. Í tengslum við þetta var unnið með umhverfismál í barnastarfi kirkjunnar og krakkarnir bjuggu til fjölnota poka úr gömlum bolum. Það var mjög misjafnt hver mætingin var á

fræðslukvöldin en við streymdum þeim beint á Facebook og þar með stækkaði áheyrendahópurinn töluvert.”
Sindri Geir Óskarsson, guðfræðingur.

Grænkandi kirkja í Vesturbænum

„Ég hef í nokkur ár talað fyrir því í Neskirkju að tengja náttúru og helgihald saman, tengja ræktun blóma/matjurta við ræktun andans, hugans og líkamans. Það er nokkuð sem kirkjan ætti að vera að þjóna líka. Allt kirkjuárið er meira og minna tengt náttúrunni og um leið og það var aftengt misstum við tengingu við lífið og fólkið. Nú eru þessir helgisíðir bara síðanna vegna en ekki til að fagna birtu, uppskeru og svo frv. Neskirkja hefur talsverða lóð sem er ekkert nýtt og ég myndi vilja að þar yrði ræktunarsvæði sem hverfi og kirkja kæmu saman í og reglulega yrðu haldnar einhverjar samkomur því tengt. Við höfum þegar gert eitt og annað á þessu sviði, m.a. staðið fyrir haustfagnaði og eldað mat úr heimaræktuðu grænmeti og við Tómas Ponzi stóðum að ræktunarmessu í vor. Þá hefur Neskirkja gróðursett birkitré með fermingarbörnum í Heiðmörk undanfarin ár, eitt tré fyrir hvert fermingarbarn.“
Steingrímur Þórhallsson, garðyrkjumaður og organisti Neskirkju

Samtök grænna kirkna

Á Norðurlöndunum má finna samtök grænna kirkna sem hjálpa söfnuðum að verða umhverfisvænni í rekstri og boðun. Meðal þess sem lögð hefur verið áhersla á að gera á Norðurlöndunum er að taka þátt í verkefnum *Fasta fyrir umhverfið*, messa undir berum himni, tengja umhverfisfræðslu inn í barnastarf og fermingarstarf kirkna og vinna að því að kirkjan sé sterk siðferðisleg rödd í samfélaginu sem tali fyrir sjálfbærni og réttlæti. Má þá t.d. nefna að biskup frá norsku kirkjunni hefur verið viðstaddur allar loftslagsráðstefnur Sameinuðu þjóðanna frá 2010 og reynt að hafa áhrif á samninganefndirnar svo að þær taki sterkari afstöðu með þeim sem upplifa hamfarir loftslagsbreytinga á eigin skinni.

Að sýna iðrun og yfirbót í verki

Í Simbabwe hafa kirkjur landsins tekið höndum saman til að berjast gegn eyðingu skóga með því að taka tiltekin landsvæði í fóstur, vernda þau gegn ólöglegu skógarhöggi og planta þar nýjum trjám. Árlega er haldin risavaxin guðsþjónusta þar sem þúsundir manns koma saman og planta milljón trjám til að sýna í verki iðrun og yfirbót vegna umgengni okkar um jörðina.

Fyrir framtíðina í Ísrael

Lúterska kirkjan í Jórdaníu og landinu helga hefur í rúmlega 30 ár unnið gegn vatnsskort og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni í Palestínu, en hvorutveggja eru afleiðingar loftslagsbreytinga. Kirkjan hefur á síðustu áratugum lagt ríka áherslu á að styðja við framtíðarkynslóðir í Palestínu og rekur því miðstöð um umhverfismál á Vesturbakkanum og stendur að þvertrúarlegu æskulýðsstarfi sem heldur utan um umhverfisklúbba í 26 skólum í Palestínu.

Það hafa verið skrifaðar fjölmargar bækur um umhverfisstarf kirkna, bókin **Green Church: Reduce, Reuse, Recycle, Rejoice!** er ágæt fyrir þau sem vilja kynna sér það betur. Þessi stutta upptalning er hugsuð til að vekja fólk til umhugsunar um að kirkjur eru að fara ólíkar leiðir að því að mæta umhverfisvandnum og að engin ein leið er rétt. Það sem er rétt er að við reynum okkar besta til að mæta vandanum í okkar samfélagi.

Að verða grænn söfnuður

Loftslagsbreytingar hafa áhrif á hversdaginn okkar. Manneskjur, dýr og plöntur eru í neyð því forsendur lífs þeirra og tilveru eru að breytast. Vísindamenn hafa slegið því föstu að lífshættir mannkyns séu rót vandans og ítrekað nauðsyn þess að við breytum hegðun okkar. Sem kirkja höfum við köllun til að standa vörð um sköpunarverkið og fylgja Jesú Kristi, en hvað þýðir það fyrir okkur í dag? Hvernig getum við hugsað hnattrænt en gripið til aðgerða í nærsamfélaginu?

„Grænn söfnuður“ er verkfæri fyrir kirkjur landsins til að mæta þessum áskorunum. Safnaðarfolk getur sameinast um fjölbreytt og aðgengileg verkefni sem tengjast öllu frá guðsþjónustunni og fermingarstarfinu, til kirkjukaffisins og þrifa á kirkjurýminu. Verkefnin eru hugsuð til stuðnings og innblásturs en ekki sem tékklisti sem fylla eigi út og líta svo á að markmiðinu sé náð. Það að gerast grænn söfnuður þarf ekki að krefjast mikils tíma eða kosta mikið, hins vegar gæti það skapað samfélag þvert á kynslóðir og búið til tengingar milli fólks sem tekur þátt í ólíkum hlutum í kirkjunni.

Að verða grænn söfnuður

Með því að gæta að sköpunarverkinu erum við að sýna náungakærleik í verki, bæði gagnvart komandi kynslóðum og gagnvart þeim sem eru að upplifa náttúruhamfarir hér og nú vegna loftslagsbreytinga. Að gerast grænn söfnuður er leið til að svara kalli Guðs um að við eigum að gæta að náunga okkar og náttúrunni. Að vera grænn söfnuður snertir kjarna þess að vera þjónandi og boðandi kirkja sem vill fylgja Jesú Kristi í verki.

Til að verða grænn söfnuður er hægt að fara þrjár leiðir:

1. Umhverfisnefnd kirkjunnar hefur gefið út bæklinginn „Grænn söfnuður“ sem er hugsaður fyrir söfnuði sem eru að taka sín fyrstu skref í umhverfisstarfi. Hann markar leiðina að því að getað orðið grænn söfnuður.
2. Einnig má fylgja Ljósaskrefinu sem umhverfisstarf kirkjunnar gaf út árið 2007 og er aðgengilegt á vef umhverfisstarfsins.
3. Stærri söfnuðir sem eru komnir áleiðis í umhverfisstarfi og vilja fá utanaðkomandi vottun á sínu starfi geta fylgt verkefninu *Græn skref í ríkisrekstri* sem Umhverfisstofnun heldur utan um. Kynningu á því má finna á vef umhverfisstarfsins.

Leiðin að því að verða grænn söfnuður:

1. Sóknarnefnd kirkjunnar velur í samráði við starfsfólk safnaðarins 25 verkefni af þeim sem eru kynnt í bæklingnum „Græni söfnuðurinn okkar“ - og að minnsta kosti tvö af hverju sviði.
2. Sóknarnefnd ályktar í fundargerð að söfnuðurinn verði grænn söfnuður og fer árlega yfir markmiðin og verkefnin sem unnið er að.
3. Söfnuðurinn hefur samband við umhverfisnefnd kirkjunnar og lætur skrá sig sem grænan söfnuð.

Þar með er söfnuðurinn orðinn hluti af samfélagi grænna kirkna um allt land sem vilja vinna að betri framtíð fyrir okkur öll.

Munið að það að verða grænn söfnuður er ferli. Áhugann þarf að glæða reglulega og hægt er að setja sér ný markmið til að teygja sig lengra og lengra.

Bæklinginn er að finna á www.kirkjan.is/graenkirkja

Daglegur rekstur safnaðarins

Það er auðvelt að vera með stór orð og góðan ásetning í umhverfismálum, en erfiðara að taka til verka. Auk þess eru það gjarnan kirkjuverðir og annað starfsfólk safnaðarins sem þarf að bera hitann og þungann af grænum skrefum í rekstri safnaðarins. Þetta þarf að ræða á vinnustaðnum og gæta að því að verkefni sé vel skilgreind svo að það ríki sátt um þau skref sem verið er að taka. Það er mikilvægt að muna að það þarf ekki að sigra heiminn á einu bretti, að læra nýjar venjur tekur tíma og eftir því sem á líður verður flokkun og ný vinnubrögð auðveldari.

Hér að neðan birtum við aðlögun umhverfishóps kirkjunnar á efni frá Græn skref í ríkisrekstri sem Umhverfisstofnun sér um. Vegna þess að flokkun sorps er mismunandi á milli landshluta og sorphirðufyrirtækja getum við ekki birt algildar flokkunarleiðbeiningar, hinsvegar mælum við með því að þið notið vefsíðuna flokkid.sorpa.is ef þið eruð í vafa um það hvernig eigi að flokka eitthvað.

Við mælum með því að starfsfólk kynni sér vefina www.graenskref.is og www.ust.is þar má finna fróðleik um það hvernig við getum dregið úr vistspori okkar.

Fyrsta græna skref Umhverfisstofnunar

Umhverfisstarf fyrir minni söfnuði byggt á 1. Græna skrefi Umhverfisstofnunar

Rafmagn og húshitun

1. Við höfum yfirfarið og stillt orkunotkun tölva þannig að þær fari í viðbragðsstöðu (standby) eða svefnham standi þær ónotaðar í skemmri eða lengri tíma.
2. Ljósritunarvélar og prentarar eru stillt þannig að tækin fara í viðbragðsstöðu (standby) þegar þau hafa ekki verið í notkun í 20 mín.
3. Við notum ekki skjáhvílur (screensaver).
4. Starfsmaður/menn slökkva á tölvum sínum í lok vinnudags.
5. Slökkt er á öllum ljósum í rýmum sem ekki eru í notkun og öll ljós í lok dags (nema sérstakar aðstæður kalli á annað), ekki síst ef dagsbirtu nýtur við.
6. Áminningarmiðar eru við rofa og dyr til að minna á að slökkva ljós í loks dags. Og á raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.

Flokkun og minni sóun

1. Flokkunartafla er sýnileg öllum sem hlut eiga að máli þar sem lýst er hvernig á að flokka úrgang og hvar ílát eru, en þau eru merkt viðkomandi útgangsflokki.
2. Pappír og skilagjaldsumbúðir eru flokkaðar.
3. Spilliefni eru flokkuð eins og lög og reglur gera ráð fyrir; s.s. rafhlöður, prenthylki, málningarafgangar, flúrperur. Þessu er skilað í förgun.
4. Prentað skal báðum megin á blöð og í svart-hvítu og endurnotaður pappír þar sem prentað er öðrum megin, eða hann notaður sem minnismiðar.
5. Við bjóðum upp á kranavatn en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum.

Fundir og viðburðir

1. Við bjóðum upp á kranavatn en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum.
2. Við kaupum ekki ekki einnota drykkjamál og borðbúnað.
3. Í kynningu á viðburðum á okkar vegum hvetjum við þátttakendur til huga að lágmrökun umhverfisáhrifa, svo sem með notum á vistvænum ferðamáta til og frá viðburðum.
4. Það er hjólagrind á staðnum ef það á við.
- 5.

Samgöngur

1. Það er hjólagrind á staðnum ef það á við.
2. Bíll/bílar á okkar vegum eru ekki á nagladekkjum nema brýna nauðsyn beri til.

Innkaup

1. Við íhugum vel þörfina áður en við kaupum inn t.d. hvort megi nýta betur, samnýta, fresta innkaupum eða gera við.
2. Við kynnum okkur vinn.is og notum rammamarkmiðun með umhverfisskilyrðum og gátlista við smærri innkaup.
3. Við kaupum einungis umhverfisvottaðan prentpappír
4. Við kaupum raftæki sem eru í A-flokki orkumerkinga eða hærra skv. orkuflokkum Evrópusambandsins.
5. Við skiptum einungis við umhverfisvottaðar prentsmiðjur.
6. Að lágmarki 80% almennt hreinlætis- og ræstivara okkar eru umhverfisvottaðar. Miðað er við þyngd.

Miðlun og stjórnun

1. Við höfum látið sóknarnefnd eða umsjónaraðila kirkju/safnaðarheimilis vita af umhverfisstarfi okkar og óskað eftir samstarfi um úrbætur í umhverfismálum t.d. aðstöðu fyrir flokkun úrgangs eða lýsingu.

Innkaup, neysla og sorp

Þegar við ætlum að taka skref í þá átt að vera umhverfisvænni er gott að þekkja umhverfismerkin, þau auðvelda okkur val á vörum og fyrirtækjum sem við stundum viðskipti við.

Kirkjan getur ekki farið að benda á ákveðin fyrirtæki sem söfnuðir ættu að eiga viðskipti við, en við bendum á að mörg fyrirtæki, t.d. prentsmiðjur og hreingerningar fyrirtæki eru komin með Svansvottun og við ættum alltaf að velja fyrirtæki með Svansvottun fram yfir önnur.

Þegar þið ætlið að kaupa þjónustu, spurjið það hvort að viðkomandi fyrirtæki sé með umhverfissvottun, það skapar líka ákveðna pressu á fyrirtækið að fara í þá átt.

Flokkun

Hafið samband við fyrirtæki sem sjá um sorphirðu í ykkar sveitarfélagi og ræðið hvað möguleikar séu í boði fyrir ykkur til flokkunar. Hjá Gámaþjónustunni og Sorpu hefur verið hægt að fá spjöld með flokkunarleiðbeiningum.

Innkaup og neysla

Munið að nú er búið að banna einnota plastmál í öllu starfi þjóðkirkjunnar. Ef þið þurfið að nota einnota glös skuluð þið nota pappa glös sem hægt er að flokka sem pappír eða jarðgera og flokka sem lífrænan úrgang. Hafið samband við fyrirtæki sem selja rekstrarvörur og athugið með pappamál sem eru svansmerkt eða með umhverfissvottanir. Best væri að kaupa góða margnota bolla og glös til notkunar í kirkjustarfinu.

Kirkjan er stór innkaupaaðili að kaffi og allir söfnuðir ættu að marka sér stefnu um að kaupa aðeins kaffi með umhverfis og réttlætissvottanir á borð við Fairtrade. Hið sama má segja með sápur og hreinlætisvörur, þar skal leitast við að nota aðeins svansvottaðar vörur.

Helstu umhverfismerki sem leita skal að



Fairtrade merkið tryggir að þeir sem framleiði vöruna fái greidd réttlát laun fyrir vinnu sína. Ef kaupa á kaffi, te eða súkkulaði fyrir kirkjustarfið kaupið þá aðeins vörur með þessu merki.



Vörur og fyrirtæki sem hafa svansvottun hafa þurft að fara í gegnum strangt vottunarferli þar sem litið er til umhverfisáhrifa vöru eða þjónustu. Þetta er áreiðanlegt merki og þegar mögulegt er skuluð þið ávallt velja svansmerkt. Meðal þess sem er svansmerkt er pappír, handsápur, ræstivörur og hreinlætisvörur.



Þessa merkingu má gjarnan finna á ávöxtum, kaffi og súkkulaði. Hún tryggir að framleiðsla vörunnar fylgi ströngum umhverfisskilyrðum og stuðli ekki að eyðingu regnskóga Suður Ameríku.



Þetta merki tryggir að viðurinn sem notaður er í viðkomandi vöru sé unnin á ábyrga vegu, þ.e. þessi vara stuðlar ekki að skógeyðingu. Þessa merkingu má finna á húsgögnum og pappír.

The mark of responsible forestry

Ítarlegri umfjöllun um umhverfismerki má finna á vef Umhverfisstofnunar.

Guðspjónustan

Auðvelt er að gera litla hluti til þess að draga náttúruna, loftslagsmál, réttlæti og umhverfisvernd inn í guðspjónustuna. Þar má nefna bænir í guðspjónustunni, að prédika út frá ritningartextum sem snerta náttúruna og fjalla um umhverfsvandann í prédikuninni. Eins er hægt að vera með þemaguðspjónustur þar sem ákveðið málefni tengt náttúrunni fær mikið rými og það færi jafnvel vel á því að safna fyrir hjálparstarfi sem tengist því málefni.

Hvenær og hvernig

Ef að ætlunin er að vera með þemaguðspjónustu tengda náttúrunni eða umhverfismálum myndi passa að tengja hana við atburði í náttúrunni eða samfélaginu. Hér eru nokkrar dagsetningar sem hægt er að hafa til hliðsjónar þegar valin er tímasetning fyrir messur tengdar umhverfi og náttúru:

Vorjafndægri, 19-21. mars

Við erum hluti af náttúrunni og upplifum breytingar árstíðanna. Kirkjan getur hjálpað samfélaginu að finna tengslin við jörðina og lífið með þema guðspjónustum þar sem lögð er áhersla á að við séum hluti af náttúrunni.

Alþjóðlegur dagur skóga 21. mars

Hægt væri að skipuleggja viðburð með skógræktarfélaginu sem starfar innan sóknarinnar, fá kynningu eða gera samkomulag um skógrækt á jörð prestsetursins ef við á.

Alþjóðlegur dagur vatns 22. mars

Ef dagurinn hittir á sunnudag væri við hæfi að gera því skil í guðspjónustunni á einhvern máta.

Sumardagurinn fyrsti, 19.- 25. apríl

Þennan dag var boðið upp á gæludýrablessun í Guðríðarkirkju í nokkur ár, það var vel sótt og mæltist vel fyrir í nærsamfélaginu. Formið að stundinni má finna hér að neðan.

Jarðardagurinn (Earth Day) 22. apríl

Á vefsíðu jarðardagsins, www.earthday.org, er hægt að skrá viðburði. Kirkjur á Íslandi sem hafa verið með umhverfistengdar guðspjónustur á jarðardaginn hafa skráð viðburðinn en það er mikilvægt tæki til að sýna þátttöku og áhuga kirkna á málefninu. Nýtið daginn endilega til að standa að helgihaldi eða uppákomum.

Dagur umhverfisins 25. apríl

Á Íslandi er haldið upp á dag umhverfisins þennan dag. Hægt væri að bjóða upp á fræðsluerindi og spjall í kirkjukaffinu eftir messu eða tengja daginn inn í barnastarf kirkjunnar.

Sunnudagar eftir þrenningarhátíð

Það passar vel að tengja græna litinn í kirkjuárinu við gróandann, vorið og sumarið. Yfir sumarmánuðina er um að gera að skipuleggja útigugðspjónustur, úti í skógi, uppi á fjalli, við kirkjuna, á grænum svæðum í bænum, í fjörunni og nota sálma og ritningartexta tengda sköpuninni.

Alþjóðlegur dagur umhverfisins, 7. júní

Hvert ár hefur dagurinn nýtt þema, á vefsíðu dagsins, <http://worldenvironmentday.global/>, má sjá hvert þemað er í ár og finna leiðir til að tengja það inn í prédikun, boðun og bænir dagsins.

Sumarsólstöður, 20.-22. júní

Hefðirnar okkar og helgihald eiga djúp tengsl við gang náttúrunnar. Leitum leiða til að byggja brú til upprunans. Það væri spennandi að bjóða upp á útiguðsþjónustu þennan dag og leitast við að efla tengsl okkar við sköpunarverkið.

Tímabil sköpunarverksins 1. september – 4. október

Frá 2007 hafa kirkjur um allan heim tekið þátt í verkefninu **Tímabil sköpunarverksins, Season of Creation**, sem varir frá 1. september til 4. október. Á þessum tíma eru kirkjur hvattar til að stunda umhverfisstarf og tileinka guðsþjónustur og boðun kirkjunnar náttúrunni, loftslagsbreytingum og umhverfisvernd. Þjóðkirkjan tók fyrst þátt í verkefninu árið 2017 en hugmyndir og guðsþjónustuefni úr þessari handbók geta komið að gagni við undirbúning tímabilsins í kirkjunni ykkar.

Töðugjöld, haustþakkarhátíð, uppskerumessa

Nokkrir söfnuðir hér á landi hafa staðið að uppskerumessum þar sem fólk kemur með hluta af sinni uppskeru og býður til sölu eða til notkunar í safnaðarstarfinu. Í söfnuði í Noregi er hefð að halda uppboð í lok uppskerumessu og safna fyrir góðu málefni, þá kemur fólk með ýmislegt sem það hefur ræktað eða unnið sjálft, brauð, sultur, reyktan fisk, grænmeti, kjöt, pestó, og gefur það til að styrkja málefnið sem verið er að safna fyrir. Í messunni sjálfri er uppskeran borin að altarinu og Guði þakkað fyrir gjafir jarðar. Hér gefst tækifæri til að tengja fólk við sköpunarverkið og almættið í gegnum gjafirnar sem við þiggjum.

Dagur íslenskrar náttúru, 16. september

Tilvalið væri að bjóða til útiguðsþjónustu þennan dag, jafnvel í góðu berjalandi.

Haustjafndægri, 21.-24. september

Af ástæðum sem hafa verið nefndar áður passar vel að vera með náttúrutengda guðsþjónustu á þessum tíma.

Dagur Frans frá Assísí 4. október

Heilagur Frans er verndardýrlingur náttúrunnar. Þrátt fyrir að við séum ekki kaþólsk má finna innblástur í lífi dýrlinganna og þau sýna okkur að við getum gert ótrúlega hluti með lífinu okkar þegar við leyfum Guði að slá rót og vaxa í okkur. Að tileinka Frans og boðun hans messuna þennan dag væri við hæfi.

Vetrarsólstöður 20.-23. desember

Án þess að skyggja á jólahelgihaldið þá væri tilefni til að vera með látlausa athöfn til að minna okkur á takt náttúrunnar og hlutverk okkar í þessu stóra sköpunarverki í tengslum við sólstöðurnar.

Praktísk atriði við skipulagningu náttúrutengdrar guðsþjónustu

Æskan erfir landið er stundum sagt. Við viljum að kynslóðirnar taki höndum saman um að standa vörð um sköpunarverkið. Því eru sumar hugmyndirnar hér settar fram með ömmur, afa og barnabörn í huga.

Gefið börnum hlutverk í guðsþjónustunni. Þjóðið sérstaklega hópi úr sunnudagaskólanum, barnastarfinu, unglingastarfinu eða fermingarfræðslunni og gefið þeim hlutverk. Biðjið börnin um að bjóða ömmu og afa til guðsþjónustu.

Hvetjið fólk til að ganga eða hjóla til messu, eða sameinast í bíla.

Kynnið messuna tímanlega og á mörgum stöðum. Notið safnaðarblaðið, heimasíðu kirkjunnar, bæjarblaðið og samfélagsmiðla.

Ef þið ætlið að messa í tengslum við jarðardaginn eða dag umhverfisins er gott að hafa í huga að deginum er líklega fagnað á einhverja vegu í samfélaginu, allavegana í skólum og leikskólum. Hafðu samband við aðila sem vinna að dagskrá fyrir þennan dag í þínu samfélagi og reyndu að koma á samvinnu.

Ráðleggingar varðandi guðsþjónustuna

Staður: Við mælum með því að messað sé úti.

- Við kirkjuna
- Út í skógi
- Uppi á fjalli eða við fjallsrætur
- Við jökul
- Við haf, stöðuvatn eða á.

En það er alveg hægt að hafa messuna inni líka.

Hugsið út í

- Birtuskilyrði
- Veðurspána, takið fram í auglýsingu ef messan verður færð inn vegna veðurs.
- Aðgengi fyrir hjólastóla.
- Hvernig/hvort fólk eigi að geta sest, ef til vill er hægt að auglýsa að fólk eigi að taka með sér stól eða eitthvað til að sitja á.
-

Fyrir guðsþjónustuna

- Börnin, ömmur og afar týna blóm, annaðhvort í garðinum heima eða úti í náttúrunni til að skreyta altarið.
- Tvö börn með ömmum og öfum sjá um að útdeila messuskrá og sálmaheftum til þátttakenda.

Innganga

- Ömmur, afar og barnabörn gætu leiðst inn, með presti, messuþjónum og öðrum sem aðstoða við guðsþjónustuna á meðan barnakór eða annar kór leiðir inngöngusálminn.

- Börnin bera með sér blóm sem þau hafa tínt og leggja við, eða á, altarið

Altarið og skreytingar

Hér er hægt að vera skapandi og við mælum með því að starfsfólk safnaðarins og aðrir sem koma að messunni ræði það hvernig þau ætli að hafa altarið. Er eitthvað til staðar á messustaðnum sem hægt er að nota, flatur steinn, hlaðinn veggur? Hægt er að nota útilegu borð eða búkka og timburplötu. Gætið þó að því að altarið líti vel út og hæfi tilefninu. Gæti barna- eða unglíngastarfið aðstoðað við að smíða altari?

Steinflísar henta vel hvort sem er inni í kirkjunni eða úti í náttúrunni til skreytingar, hægt er að raða blómum eða kertum á þær.

Blóm og grænt

Nýtið endilega villt blóm, lyng, fjalldrapa eða birkikvisti og setjið í sultukrúkkur með vatni í, gott er að setja smá mól í botninn á krúkkunum svo að þær velti ekki ef það er vindur úti.

Sáið karsa í skreyttar fernur eða krúkkur í sunnudagaskólanum eða barnastarfinu í vikunni fyrir messuna. Hann vex hratt og krakkarnir hafa gaman af því. Þetta getur verið tækfæri til að ræða um lífið og gróandann í prédikuninni. Þegar karsinn er 4-5 daga gamall er komin ágætis lengd á hann og hægt að nota hann ofan á brauð eða í salat.

Þú þarft aðeins karsafræ, þau er hægt að fá í blómabúðum, fairtrade bómull eða mold, og ílát. Fínt er að nota fernur eða krúkkur.

Notið fallega hluti úr náttúrunni, til dæmis steina, köngla, greinar, rekavið o.s.frv. til að skreyta altarið. Íhugið hvernig þið gætuð nýtt þessa hluti í prédikuninni.

Aðrar hugmyndir fyrir guðsþjónustuna

Skóðuðu heftið fyrir loftslagspílagríma sem finna má neðar í þessari handbók.

Ef messan er inni gæti verið sniðugt að vera með ljósmyndasýningu með myndum úr náttúrunni, annaðhvort á skjá eða uppi á vegg í kirkjunni. Hér væri hægt að stofna til samstarfs við áhugaljósmyndara í sókninni.

Plantið loftslagstré

Plantið reynitré til merkis um hve mikilvæg tré eru okkur. Reynitré eru harðgerð og vaxa um allt land. Hægt er að koma aftur að trénu að ári og leyfa því að vera tákn um umhverfisstarf safnaðarins sem slær rót, lifir og vex. Ef messað er í kirkju er hægt að enda guðsþjónustuna á því að fara út og planta tré við kirkjuna. Munið að skipuleggja þetta vel með kirkjuþjónum, sóknarnefnd eða öðrum sem koma að messunni.

Hjólamessa

Hægt er að fagna sköpunarverkinu með hjólamessu þar sem hjóluð er ákveðin leið með nokkrum stoppum t.d. á bænastöð, söngstöð, kertastöð og hugvekjustöð, svo er endað í kirkjunni og drukið kirkjukaffi. Hér að neðan má finna form fyrir reiðhjólablessun.

Grafið upp plastpoka

Við hugsum ekki um það sem við sjáum ekki – settu upp smá leikþátt í prédikuninni þar sem þú grefur upp plastpoka eða annað rusl sem ógnar lífríki jarðar, þetta er táknrænt fyrir að við viljum ekki lengur láta eins og við sjáum ekki að jörðinni stendur ógn af lífsstíl okkar og neyslu. Þið þurfið þá að mæta tímanlega á messustaðinn, eða fara þangað daginn áður til að grafa ruslið og undirbúa gjörninginn. Hér passar að nota syndajátninguna sem nefnir mengun jarðar. Munið að skila ruslinu í endurvinnslu eftir messu.

Samskot

Safnið endilega fé fyrir samtök sem vinna að umhverfismálum eða hjálparstarfi á svæðum sem verða illa úti vegna loftslagsbreytinga. Eins væri hægt að hafa samband við Hjálparstarf kirkjunnar og heyra hvort þau séu að vinna að einhverjum verkefnum sem tengjast umhverfinu sem hægt er að styrkja sérstaklega.

Takið það fram í auglýsingum að safnað sé fyrir þessu málefni í messunni.

Hægt er að láta körfu ganga og safna í hana, eða hafa bauk sem fólk getur sett í þegar því hentar. Það hefur gefist vel að vera með samskot sem hluta af bænagöngu þegar kemur að almennu kirkjubæninni, þá er boðið upp á nokkrar bænastöðvar og fólk getur staðið upp, kveikt á kerti, skrifað bæn á miða og sett í bænakrukku, dregið biblíuvers og gefið í söfnunina.

Þýtt og staðfært frá Norsku kirkjunni.

Bænastöðvar

Í guðsþjónustunni er hægt að búa til rými undir almennu kirkjubæninni fyrir bænastöðvar. Það þarf að ígrunda vel hvar í kirkjurýminu hægt er að hafa stöðvar, það fer allt eftir plássinu hversu margar þær geta verið. Það þarf að kynna stöðvarnar vel, jafnvel að vera með kynningu í messuskránni. Það gæti hentað að vera með sömu bænastöðvarnar út ákveðið tímabil, t.d. páskaföstuna, adventuna eða tímabil sköpunarverksins, svo að fólk venjist þeim og að læri að nota þær.

Bænatré

Hægt er að fara ýmsar leiðir að því að vera með bænatré í kirkjunni. Hægt er að skrifa bænir á miða sem hengdir eru á tré eða greinar, annaðhvort á lifandi tré sem stendur í kirkjurýminu eða á afsagað birkitré sem fær að vera í vatni, t.d. í jólatrésfót.

Einnig er hægt að klippa niður garn í ýmsum litum og láta hvern lit standa fyrir ákveðið bænarefni. Til dæmis gult fyrir fólk á flóttu, rautt fyrir kærleika, grænt fyrir náttúruna, blátt fyrir sorg, fjólublátt fyrir von, svart fyrir dauðann og hvítt fyrir framtíðina. Fólk getur þá valið sér þræði sem tengjast þeirra bænarefni og bundið eða hengt þá á tréð. Í norsku kirkjunni láta margir söfnuðir slíkt bænatré standa í kirkjurýminu á páskaföstunni.

Mannakorn

Það er ekkert nýtt að fólk geti dregið biblíuvers í kirkjum, en hins vegar væri hægt að velja

vers tengd ákveðnum þemum, t.d. ráðsmennsku, hugrekki, von, náð og styrk og vera með í skálum eða krukum merktum þemanu svo að fólk geti á þessari bænastöð dregið vers tengt þema sem talar til þeirra.

Þvottaklembæn og sjálfbærnimarkmiðin

Útvegið ykkur plakat með sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, hægt er að finna það á netinu og prenta út. Við plakatið er skál með tré þvottaklemmum og tússpennum. Fólk velur sér markmið sem það vill biðja fyrir, t.d. binda enda á fátækt, skrifar það á klemmuna og tekur með sér heim til áminningar. Hægt væri að gera þetta á páskaföstudunni og hvetja fólk til að biðja fyrir þessu bænarefni alla páskaföstuduna.

Kveikja á kerti

Það að fá rými til að standa upp og kveikja á kerti er dýrmætt fyrir marga. Það er bæn í verki um að ljós Guðs muni umvefja þau sem við biðjum fyrir, að bænin sé lifandi og gefi birtu og yl inn í aðstæður fólks. Útbúið ljósaaltari eða kertastand fyrir teljós. Það er hægt að nýta steinplötur og hellur til að búa til fallett kertastæði.

Brauð og vínber - Finnið og sjáið að Drottinn er góður

Ef ekki er altarisganga er hægt að vera með stöð þar sem fólk getur fengið sér bita af nýbökuðu ósýrðu brauði og vínber. Þar væri hægt að vera með biblíuvers tengd kvöldmáltíðinni eða vers sem undirstrika að við séum eitt með hvort öðru í Jesú Kristi, líkt og kornin verða eitt í brauðinu og berin eitt í víninu.

Leggja þjáningar á krossinn

Prentið út fréttafyrirsagnir eða ljósritið dagblaðafyrirsagnir um loftslagsbreytingar, náttúruhamfarir, flóð, fólk á flóttu, stríð og þjáningar. Jafnvel væri hægt að biðja fólk um að koma með eigin úrklippur ef tækifæri gefst til þess. Fólk er svo boðið að fletta í gegnum úrklippurnar og festa þær sem tala sérstaklega til þeirra á trékross og biðja Krist um að bera þessar þjáningar með okkur, gefa okkur trú og von. Hægt er að nota teiknibólur til að festa þær á krossinn.

Samskot

Ef það stendur til að vera með samskot eða söfnun er hægt að vera með borð nálægt innganginum þar sem fólk getur lagt peninga í bauk, með því að gera það að bænastöð erum við minnt á að við getum þjónað Guði og náunganum með peningunum okkar.

Altarisganga

Hægt er að bjóða upp á altarisgönguna sem bænastöð, þá koma prestur og meðhjálpari sér fyrir með brauð og vín einhversstaðar í kirkjurýminu og fólk getur komið þar við þegar það fer á milli bænastöðva.

Bænakrukka

Hægt er að skrifa bæn á miða og leggja í krukuna, eða vera með steina sem hægt er að leggja í krukuna og standa fyrir bænarefni fólks. Hægt væri að vera með steina í ýmsum litum og fólk getur valið lit sem tengist þeirra bænaefni. Grænt fyrir náttúruna, blátt fyrir hafið o.s.fr.

Smurning

Fólk réttir fram báða lófa og prestur teiknar kross með blessunarólú í annan lófann og segir „Drottinn blessi þig“, teiknar svo kross í hinn lófann og segir „og varðveiti þig“. Þetta hefur verið iðkað í æðruleysismessum og er sterk upplifun fyrir marga.

Ráðleggingar fyrir kirkjukaffi og aðrar uppákomur

Almennt

- Látið kirkjukaffið, hjólamessur eða aðrar grænar uppákomur bera þess merki að **allir séu með, þvert á kynslóðir**, gefið fólki ábyrgð og hlutverk sem hentar aldri.
- **Reynið að nýta breidd samfélagsins!** Þjóðið ákveðnum aldurshópi í sókninni að taka þátt, nýtið kórana, unglingastarfið, fermingarbörnin, umhverfissamtök í samfélaginu, eldri borgara, áhugaljósmyndaraklúbba, tónlistarfólk, bæjarstjórnarfólk o.s.fr.
- Látið vita tímanlega af viðburðinum og auglýsið hann víða. Reynið að skapa tengsl við fjölmiðlafólk í samfélaginu.

Kirkjukaffi

Hugmyndir fyrir kirkjukaffið

Þjóðið einhverjum sem vinnur að umhverfismálum til að vera með stutt erindi í kirkjukaffinu og bjóðið svo til samtals. Það væri upplagt að ræða hvað nærsamfélagið geti gert í loftslagsmálum. Fyrir vorið væri einnig hægt að leggja áherslu á garðrækt og sumarblóm og fá garðyrkjufraeðing til að vera með fræðsluerindi í kirkjukaffinu.

Þjóðið áhugaljósmyndurum í sókninni að vera með náttúrulegum myndasýningu í kirkjunni.

Þjóðið sveitastjórnarfólki til umræðu um umhverfismál, ekki aðeins fyrir kosningar. Þá væri gott að nokkrir í söfnuðinum, helst fólk á breiðu aldursbili séu búin að undirbúa spurningar til að spyrja.

Sýnið myndband um umhverfismál og bjóðið til samtals.

Kynnið verkefnið Grænn söfnuður og kjósið um það hvaða verkefni söfnuðurinn á að vinna að á komandi ári.

Matur og drykkur

Þjóðið uppá Fairtrade kaffi, te og safa.

Ef ekki eru til margnota bollar skal nota pappamál, ekki plast. Munið að flokka þá sem pappír.

Ef boðið er upp á mat skal reyna að nýta hráefni úr héraði.

Veljið vörur sem eru að renna út, eða sem eru með afslætti því þær eru á síðasta söludegi.

Bjóðið söfnuðinum að taka þátt í kirkjukaffinu, t.d. með því að kalla eftir hvort að einhver vilji gefa söfnuðinum heimagerðar sultur eða saft til að bjóða uppá.

Gefið fólki rými til að gerast sjálfboðaliðar

Jafnvel þó að þið séuð með kirkjuverði eða meðhjálpara í vinnu og það þurfti ekki sjálfboðaliða, kallið eftir aðstoð t.d. við að steikja vöffur eða pönnukökur fyrir kirkjukaffi. Margir eru boðnir og búnir til að hjálpa og fá hlutverk ef það er í boði. Það skapar tengingar og gerir safnaðarstarfið ríkara.

Skiptimarkaðir, matarboð og græn boðun

Látið ímyndunaraflið ráða ferðinni og leitið leiða til að safna fé fyrir mannúðarverkefni og hjálparstarf tengdu umhverfismálum.

Matarboð gegn hungursneyð

Fáðu marvöruverslanir í nágrenninu og félagasamtök í sókninni sem vilja láta gott af sér leiða til samstarfs. Eldið mat úr vörum sem eru útrunnar en óskemmdar og voru á leið í ruslið. Bjóðið til veislu þar sem er ókeypis inn en fólk þó beðið um að styrkja hjálparstarf kirkjunnar, UNICEF eða önnur samtök sem starfa á hamfarasvæðum. Verið athugul og fylgist með þegar kallið kemur frá hjálparstökum, verið þá tilbúin til að vera með viðburði til að leggja söfnunun þeirra lið.

Standið að skiptimarkaði með föt, barnaföt eða leikföng.

Fáið handlagna einstaklinga með í lið og bjóðið uppá reiðhjólaverkstæði að vori þar sem hægt er að laga það sem laga þarf fyrir sumarið.

Bjóðið upp á matreiðslunámskeið með áherslu á hollan og umhverfisvænan mat.

Haldið uppboð til styrktar hjálparstarfi.

Þýtt og staðfært frá norsku kirkjunni.

Ritningarstaðir tengdir sköpunarverkinu

Hér eru tekstar sem hægt er að leita í til innblásturs fyrir prédikunar- og hugvekjuskrif.

Fögnuður yfir sköpunarverkinu: Slm 19, 1-7; Slm 104, 13-14; Orðskv. 8, 22-21; Matt 6,25-34

Að tilheyra sköpunarverkinu: 1Mós 2,7; 5Mós 30, 19-20; Jes 40,26-31; 1Kór 10,16-17; Postu 17,28.

Þjáningar sköpunarverksins: Jes 24,3-6; Róm 8,18-23; 2.Pét 3,8-13.

Sköpunarverkið tilheyrir skaparannum: 1Mós 9,8-17; Slm 104,29-30; Jes 54,7-10; Lúk 15,11-32

Sköpunarverkið lofar skaparann: Slm 98, Slm 148

Vonin- nýr himinn og ný jörð: 1Mós 8,6-19 + 9,8-13; Opinb. 21,1-6 + 22,1-5

Ábyrgð á sköpunarverkinu: 1Mós 1,24-31; 1Mós 2,15; Slm 8; Matt 21,28-31; Lúk 16,19-31; Lúk 6,1-5; Lúk 6,20-26; Matt 19,16-30; Matt 20,1-16; 1Kór 11,17-22; Jak 1,9-18

Bænir

(L: lesari, A: allir)

Inngangsbæn

L: Guð, þú sem gefur líf öllu sem lifir.

Við þökkum þér fyrir lífið, að við getum skilið og upplifað gjafir þínar.

Við lofum þig fyrir fegurð Jarðarinnar, fyrir líf okkar og heilsu, og fyrir allt sem lætur okkur upplifa að þú ert góð.

Hér frammi fyrir augliti þínu biðjum við um eyru til að heyra, tungu til að tala og hendur sem taka til verka, svo að við getum heyrt orð þín, lofað þig með þökk í hjarta, og í orði og verki vitnað um máttarverk þín, skapari okkar og frelsari.

Við biðjum í Jesú nafni

Allir: Amen

(Fengið frá norsku þjóðkirkjunni)

Við erum hluti af vef jarðar

L: Drottni heyrir jörðin og allt sem á henni er,
heimurinn og þeir sem í honum búa,
því að hann grundvallaði hana á hafinu,
festi hana á vötnunum. (24. Davíðssálmur)

L: Allt sem að hreyfir við jörðinni
hreyfir við börnum jarðar.

Við vitum að jörðin tilheyrir ekki okkur.

Allir: Við tilheyrum vef jarðar

L: Við vitum að allt í heiminum er ofið saman.

Allir: líkt og blóðið sameinar fjölskyldur.

L: Við vitum að það sem við gerum vefnum.

Allir: það gerum við einnig sjálfum okkur.

(Byggt á ræðu eftir Seattle indíána höfðingja f.1780)

Bæn fyrir kirkjunni

L: Guð, vektu okkur

svo að við verndum jörðina sem þú elskar.

Af jörðinni gefur þú okkur vort daglega brauð,
fegurð til að njóta og stað sem við köllum heimili.

Gef kirkjunni kjark og skörungsskap
til að mótmæla ofbeldi gegn jörðinni,
til að andmæla lygum og afskiptaleysi,
til að lyfta upp sannleikanum
og til að boða réttláta framtíð
fyrir allt mannkyn.

Allir: Amen

(Eftir Rolf Erik Hanisch, norskan prest)

Gloria

Við lofum þig Drottinn alheimsins,
fyrir sköpunarverk þitt,
fyrir öll undur veraldar,
fyrir fegurð jarðar,
fyrir auðlindir plánetunnar.

Gef að við misnotum ekki gjafir þínar af sjálfselsku,
hjálpa okkur að nýta þær til að mæta þörfum alls fólks til dýrðar nafni þínu.

(Frá kaþólsku kirkjunni í Noregi)

Haustbæn

Heilagi Guð. Þökk sé þér fyrir hrynjanda árstíðanna, fyrir sumarið sem senn er á enda og haustið, sem fljótlega gengur í garð. Þökk sé þér fyrir uppskeru sumarsins, ávöxt jarðar og iðju mannanna til sjávar og sveita. Þökk sé þér fyrir litbrigði og hljóma haustsins, fyrir fegurð litanna, fyrir söng farfuglanna og hörpuslátt stormsins. Fyrir Jesú Krist Drottin vorn. Drottinn heyr vora bæn.

(Frá sr. Elínborgu Sturludóttur)

Bæn Loftslagspílagríma

Góði Guð, þú sem ert Skapari alls sem er, við biðjum þig: hjálpa okkur að sjá náungann og sköpunarverkið með þínum augum. Við höfum brugðist þér og hlutverkinu sem þú gafst okkur. Margir missa lífibrauð sitt vegna rányrkju okkar á auðlindum jarðar. Við vitum að þau sem eiga minnsta sök á loftslagsbreytingum eru þau sem upplifa mesta neyð. Hjálpa okkur að heyra hrópin sem þú heyrir, sjá neyðina sem þú sérð, og elska náungann eins og okkur sjálf.

Guð, þú sem hefur lofað okkur að þitt ríki muni koma til jarðar, send okkur Anda þinn og gef okkur kraft til nýsköpunar. Hjálpa okkur að deila voninni um réttlæti. Lít til okkar í náð og styrk alla sem vinna að réttlæti. Gef leiðtogum jarðar visku, vilja og kjark til að vernda jörðina fyrir komandi kynslóðir. Hjálpa okkur að sjá að allir geta haft áhrif og gef okkur styrk til að taka til verka.

Amen

(Úr gönguhefti fyrir Loftslagspílagríma)

Bæn garðyrkjumanns

Leið okkur í dagrenningu að lífsins garði, svo við megum
reyta burt óþarfan
rífa óréttlætið upp með rótum
vökva hið visna
næra hið dofna
hreinsa burt eitruð fræ
og þegar kvöldur tekur, hvílast og undrast í garði Guðs.

(Fengið úr handbókinni GRØNN frá Meþódistakirkjunni í Noregi)

Þakkarbæn

L: Fyrir jörðina, hafið og himinn, einingu þeirra og litadýrð

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir lífið og orkuna sem streymir í gegnum heiminn

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir dýrð þína sem lýsir upp tíma og rúm

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir undur náttúrunnar, öll heimsins dýr, blómin sem springa út, söng fuglanna og viljastyrk býflugunnar

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir Hann sem þú sendir til að reisa okkur upp þegar við höfðum fallið frá öllu því góða sem þú skapaðir

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir frið Heilags Anda sem lægt getur öldur og kyrrað vind

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir að við fáum að vera dropi í hafi eilífðarinnar

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir að þú hafir gefið okkur tilgang og umvafið okkur kærleika þínum

A: þökkum við þér Guð

(Fengið frá norsku kirkjunni, byggt á keltneskri bæn)

Syndajátning og miskunnarbæni

Bæn um fyrirgefning vegna ráðsmennsku okkar

Það fer vel á því að láta fimm aðila lesa bænirnar

L: Fyrirgef okkur, Guð,

Þátttöku okkar í eyðingu náttúrunnar,

Löngun okkar eftir gróða án tillits til lífsins.

L: Fyrirgef okkur, Guð

Ofbeldið við höfum beitt jörðina

Þögn okkar gagnvart skógeyðingu og mengun hafs og vatna.

L: Fyrirgef okkur, Guð

Þegar við truflum gang náttúrunnar með því að útrýma dýrategundum
Þegar við ákveðum að eyða því sem við sjáum ekki að gagnist okkur.

L: Fyrirgef okkur, Guð

Brennandi þrá okkar eftir neyslu, án þess að við hugum að komandi kynslóðum
Áherslu okkar á að lifa aðeins í núinu, án þess að huga að morgundeginum.

L: Fyrirgef okkur, Guð

Hrokann sem við sýnum með því að telja okkur miðpunkt alheimsins
Sinnuleysið gagnvart því að vilja standa vörð um sköpun þína.

Allir: Kenndu okkur með náð þinni

Að elska alla sköpun þína, systur okkar og bræður
og að standa vörð um lífið í öllum sínum birtingarmyndum.

(Eftir brasilíska prestinn José Carlos de Souza)

Syndajátning:

Guð, þú sem elskar okkur án fyrirvara,

Þú sem er uppspretta lífs og samfélags,

Frammi fyrir þér viðurkennum við þátttöku okkar í því sem eyðileggur lífið.

Þegar ísinn bráðnar, þegar loftslagið breytist, þegar vatn, loft og jörð mengast:

Jesús Kristur, fyrirgef okkur syndir okkar.

(Eftir norska prestinn Sindre Eide)

Kyrie-litanía

L: Almáttugi Guð, Skapari og Lífgjafi

við erum hluti af þínu fagra

og viðkvæma sköpunarverki.

Við fengum það hlutverk að vernda,

næra og virða það.

Við höfum brugðist hlutverki okkar.

Því hrópum við:

A: Kyrie eleison (sungið eða sagt)

L: Jörðin er móðir okkar,

upphaf okkar og uppspretta næringar.

Hvert fræ í djúpi jarðar

hreyfist og springur út af sköpunargleði þinni.

Þegar jörðin er lögð í eyði og eitruð

af græðgi og skammtíma hagsmunum,

svíkjum við upphaf okkar og vilja þinn.

Því hrópum við:

A: Kyrie eleison (sungið eða sagt)

L: Jörðin er full af vatni.

Hafið er legvatn lífsins.
Allt líf þarfnast vatns til að lifa:
manneskjur, plöntur, fiskar og dýr.
Þegar vatnið mengast
kemur það niður á okkur og framtíð okkar.
Því hrópum við:

A: Kyrie eleison (sungið eða sagt)

L: Loftið er andardráttur lífsins,
það fyllir lungu jarðar.
Hver andardráttur er áminning
um sköpunarmátt þinn.
Þegar loftið mengast,
sköðum við lungu jarðar
og sköpunarverkið veikist.
Því hrópum við:

A: Kyrie eleison (sungið eða sagt)

(Frá ECEN, European Christian Environmental Network)

Blessunarorð og kveðja

Blessun frá Afríku

L: Drottinn blessi þig
og gefi þér blessun sléttunnar aftur og aftur:
kyrrð,
ferskt vatn,
víðan sjóndeildarhring,
opinn himinn
og stjörnur sem vísa þér veg
í myrkri næturinnar.

Megi jörðin undir þér
fá fætur þína til að dansa,
gera hendur þínar sterkar,
fylla eyru þín af tónum
og nefið af sætum ilmi.

Megi himinninn yfir þér
fylla sál þína af lotningu,
gefa augum þínum birtu,
sá gleði í hjarta þitt
og leggja þér lofsöng í munn.

Allir:

Blessa okkur, Guð skapari
Blessa okkur, Guð frelsari
Blessa okkur, Guð lífsgjafi

(Byggt á afrískum sálmi)

Kveðja

L: *Ekki gaf Guð okkur anda hugleysis heldur anda máttar og kærleiks og stillingar. (2. Tim 1.7)*

Farið í mætti Guðs. Farið í friði. Þjónið Drottni með gleði.

Blessun fyrir brennandi hjörtu:

L: Megi Guð blessa þig með óbeit á einföldum svörum, hálf sannleik og yfirborðsmennsku, svo að þú megir lifa á djúpinu sem býr í hjarta þínu.

Megi Guð blessa þig með reiði yfir ranglæti, kúgun og misnotkun, svo að þú megir vinna að réttlæti, frelsi og friði.

Megi Guð blessa þig með tárum fyrir þau sem þjást, í stríði og neyð, af hungri og umkomuleysi, svo að þú réttir út hönd til huggunar.

Megi Guð blessa þig með þeirri einfaldni að hafa trú á að þú getir breytt heiminum, svo að þú gerir það sem aðrir telji ómögulegt.

Megi blessun Guðs, Skaparans, Frelsarans og Lífsgjafans vera með þér nú og um alla tíð

(Fengið frá hreyfingu norskra loftslagspílagríma)

Kveðja

L: Förum hédan út í heiminn
með sátt í hjarta
kærleika í huga
og hendur viljugar til verka.
Förum í friði.

Allir: Í Jesú nafni. Amen

(Fengið frá sænsku þjóðkirkjunni)

Lokabæn

L: Biðjum:

Andi sköpunarinnar,

Þú sem hreyfir haf og fljót, gef okkur af vatni lífsins.

Andi sköpunarinnar,

Þú sem flæðir í gegnum skóga jarðar, sáðu í okkur fræjum nýs lífs.

Andi sköpunarinnar

Þú sem brennur í hjörtum fólks þíns, gef að hjarta okkar megi endurnýjast.

Allir: Heilagur andi

Þú sem komst til fyrstu lærisveinanna með vindi himins og eldtungum, komdu til okkar í dag og fylltu okkur af kærleika þínum og mætti.

L: Förum og látum líf okkar bera trúnni vitnisburð.

Leitum að gæsku Guðs í hinu minnsta og ómerkilegasta.

Sjáum nærveru Krists í samferðarfólki okkar

og látum Andann leiða okkur eftir veginum sem færir sannan frið.

Allir: Amen.

(Fengið frá Grønn Kirke í Noregi)

Ritúöl og guðspjónustuform.

Hér eru guðspjónustuform og litúrgíur sem hægt er að nota. Ef að það stendur til að búa til guðspjónustuhefti til að prenta út reynið þá að gæta að því að heftið sé tímalaust, ekki merkt ákv. dagsetningu eða með upplýsingum sem tengjast aðeins þessari ákveðnu guðspjónustu. Þannig er hægt að varðveita það og nota aftur og aftur.

Gæludýrablessun

Á sumardaginn fyrsta var boðið upp á gæludýrablessun í Guðríðarkirkju í nokkur ár. Formið var mjög einfalt, það var opið hús í nokkra tíma, til að dreifa heimsóknunum og koma í veg fyrir að stressa dýrin of mikið. Presturinn skrifaði niður nafn dýrs og eiganda, lagði hönd á höfuð dýrinu og sagði:

”Mönnum og dýrum bjargar þú Drottinn. Viltu blessa NN og fjölskyldu hennar og gefa henni gott líf. Amen”

Fengið frá sr. Sigríði Guðmarsdóttur.

Reiðhjólabblessun

Vorið er tíminn þegar við tökum hjólin okkar fram og njótum hreyfingar og útiveru í sátt og samlyndi við umhverfið. Götur, torg og skólalóðir fyllast líka af ungu hjólreiðafólki með marglita hjálma og skrautlega lása.

Ég tók saman stutta helgistund þar sem við nefnum hluti sem eru mikilvægir öllu hjólafólki. Fyrst kemur ritningarlestur – sem er svolítið flippaður, enda frá þeim magnaða spámanni og presti Esekíel, sem lifði á 6. öld fyrir Krist. Mér finnst hann passa vel í reiðhjólabbæn þar sem hann fjallar um hjól og það er mikið líf í tuskunum. Svo kemur bæn sem er sett upp eins og almenn kirkjubæn í venjulegri messu, þar sem einn les og hinir svara. Að lokum fylgir blessun og smurning – því bæði fólk og hjól þurfa réttu olíuna til að ganga vel.

A. Ritningarlestur úr Esekíel 1.13-21

Verurnar voru á að líta sem blossandi kolaglóð og minntu á kyndla og gengu leiftur á milli veranna, leiftrandi blossar. Verurnar hlupu fram og aftur, líkastar eldingarleiftrum. Þegar ég horfði á verurnar sá ég eitt hjól á jörðinni við hliðina á hverri af verunum fjórum. Þessi hjól virtust vera gerð úr ljómandi krýsólítsteini og öll voru þau eins að sjá. Þau voru þannig gerð að eitt virtist vera innan í öðru. Hjólin gátu snúist í allar fjórar áttir án þess að breyta um stefnu þegar þau snerust. Á þeim voru hjólgjardir og sá ég að allar fjórar voru alsettar augum allt um kring. Þegar verurnar gengu snerust hjólin við hlið þeirra og þegar verurnar hófu sig upp frá jörðinni hófust hjólin einnig. Þær gengu þangað sem andinn vildi að þær gengju og hjólin hófust um leið og þær því að andi veranna var í hjólunum. Þegar þær gengu snerust þau og þegar þær námu staðar staðncæmdust þau einnig og þegar verurnar hófu sig frá jörðu lyftust hjólin um leið og þær því að andi veranna var í hjólunum.

B. Bænir

L: Við skulum biðja. Við horfumst í augu við að jörðin okkar þjáist undan neyslupunga manneskjunnar og að hjólreiðar eru mikilvæg gæði í því sambandi. Við þökkum fyrir einfaldleika og fegurð reiðhjólansins. Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Svar: Drottinn heyr vora bæn.

L: Við biðjum fyrir börnum sem læra að hjóla og fyrir öllum sem hjóla um götur og stíga í samfélaginu okkar. Vernda þau frá óhappi og hættu. Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Svar: Drottinn heyr vora bæn.

L: Við biðjum fyrir þeim sem þjást vegna hjólaslysa og vegna hjólastulda. Gef okkur styrk til að fyrirgefa þeim sem brjóta gegn okkur. Fyrir Jesú Krist Drottin vorn.

Svar: Drottinn heyr vora bæn.

L: Við biðjum fyrir þeim sem smíða, gera við og hreinsa hjólin okkar og fyrir þeim sem sjá fyrir sér með því að þjónusta reiðhjólamenn. Takk fyrir þau sem hafa talað fyrir gæðum hjólreiða fyrir samfélagið og barist fyrir bættri aðstöðu hjólafólks. Blessa þau sem velja að hjóla til og frá vinnu. Fyrir Jesú Krist Drottin vorn.

Svar: Drottinn heyr vora bæn.

L: Við biðjum fyrir þeim sem hafa látist í hjólaslysum og þeim sem hafa misst ástvini í þeim aðstæðum. Blessa minningarnar um þau sem okkur eru kær og gjör okkur minnug hve lífið er viðkvæmt og varnarlaust. Vernda okkur þegar við hjólum. Fyrir Jesú Krist, Drottin vorn.

Svar: Amen.

C. Blessun og smurning

L: Meðtakið blessun og smurningu

Drottinn blessi hjólin okkar. Drottinn láti öll sem hjóla vera eins og leiftrandi blossa. Drottinn úthelli vernd sinni á hjálmana okkar. Drottinn veri við stýrið og leiðbeini okkur um réttan veg. Drottinn blessi hjólin sem leiða okkur um jörðina, sköpun hans, án þess að íþyngja henni. Drottin smyrji bremsur svo við förum ekki lengra eða hraðar en gott er. Drottinn leiðbeini okkur á rétta veginu svo við finnum alltaf veginn heim. Amen.

Fengið frá sr. Kristínu Þórunni Tómasdóttur.

Græn í garði Guðs: altarisganga

Hér er form fyrir altarisgöngu sem er skrifuð til að nota í messu á Æskulýsdegi þjóðkirkjunnar. Þessi altarisganga gerir ekki kröfu um að vígð manneskja stjórn henni, heldur getur það verið unglingur eða leiðtogi í æskulýdsstarfinu.

Altarisgangan skiptist í nokkra hluta:

- syndajátningu (og aflausn)
- friðarkveðju
- innsetningarorð um brauð og vín
- faðir vor

- brauði og víni/vínberjum deilt

Altarisgangan gerir ráð fyrir að söfnuðurinn færi sig um stað. 1. stöð er við inngang kirkjunnar, 2. stöð við skírnarfontinn, 3. stöð í kringum altarið.

Altarisgangan er hluti af þemamessu sem hefur yfirskriftina Græn í garði Guðs og tekur uppsetningin mið af því. Eins og allar altarisgöngur er hún haldin til minningar um síðustu kvöldmáltíð Jesú með lærisveinum sínum á skírdagskvöld.

Orðin í atferlinu eru sótt í orð ritningarinnar þar sem Jesús talar um sig eða vísað er til samfélags trúaðra. Þannig miðlar altarisgangan leyndardómi trúarinnar um brauð lífsins sem gefur heiminum líf, til þeirra sem taka á móti í trú.

1. stöð (við inngang)

Syndajátning

L: Þegar peningarnir fara að stjórna okkur

S: miskunna þú oss

L: Þegar okkur mistekst að jafna kjörin

S: miskunna þú oss

L: Þegar við metum fólk eftir stöðu þess og eigum

S: miskunna þú oss

L: Þegar við horfum fram hjá þeim fátæku

S: miskunna þú oss

L: Þegar kerfið okkar viðheldur ranglætinu

S: miskunna þú oss

L: Þegar bilið milli ríkra og fátækra eykst

S: miskunna þú oss

L: Þegar við kaupum, notum og hendum, hugsunarlaust

S: miskunna þú oss

L: Þegar við sóum auðæfum jarðarinnar, gjöfum þínum

S: miskunna þú oss

L: Þegar við játum syndir okkar segir Jesús: „Ég sakfelli þig ekki heldur. Far þú. Syndga ekki frammar.“ (Jh 8.1)

S: Amen

2. stöð (við skírnarfont)

Friðarkveðja

L: Jesús sagði við lærisveina sína, áður en hann borðaði með þeim eftir upprisuna: „Friður sé með yður „(Lk 24.37). Óskum núna hvert öðru friðar Drottins.

*Viðstaddir heilsa hvert öðru með orðunum **Friður sé með þér.** (Þar sem passar má umbreyta handabandi í friðarknú).*

3. stöð (við altarið)

Borðsamfélag (hér er hægt að hafa hefðbundna altarisgöngu eða styðjast við eftirfarandi)

Á altari standa körfur/skálar með brauðmeti og vínberjum. Vatnskanna, vínflaska og hveiti/korn mega líka sjást. Myndum hring í kringum altarið eða hálfhring fyrir framan það.

L: Manneskjan sáir og Guð gefur sól, regn og vöxt. Manneskjan uppsker og Guð gefur kunnáttu til að varðveita og auka næringu og líf. Manneskjan bakar brauð og Guð gefur henni samfélag til að njóta.

S: Drottinn, gef okkur ætíð þetta brauð. (Jh 6.34)

L: Jesús sagði: Ég er hið lifandi brauð sem steig niður af himni. Hver sem etur af þessu brauði mun lifa að eilífu. Og brauðið er líkami minn sem ég gef heiminum til lífs. (Jh 6.51)

S: Af því að brauðið er eitt, erum vér hin mörgu einn líkami því að vér eigum öll hlutdeild í hinu eina brauði. (1 Kor 10.17)

L: Jesús sagði: Ég er vínviðurinn, þér eruð greinarnar. Sá ber mikinn ávöxt sem er í mér og ég í honum.

S: En án mín getið þér alls ekkert gert. (Jh 15.5)

A: Faðir vor....

Leiðtogi lætur brauðkörfuna ganga og hver og einn brýtur sér af brauðinu. Sama er viðhaft við vínberin – eða bikar af víni ef það hentar.

Að brauðsdeilingunni lokinni er gengið til sætis að nýju og sálmur sunginn.

Fengið frá Sr. Kristínu Þórunni Tómasdóttur

Kvöldmessa: Fyrir lífið á jörðu Guðs

Hægt er að velja þema fyrir kvöldið sem fær að skína í gegn í ritningarlestur og hugvekju. Hægt væri að vera með röð slíkra guðsþjónusta einn mánuð yfir sumarið og vera með nýtt þema hvern sunnudag t.d. vatn, neysla, skógar, friður. Þá er upplagt að safna fyrir góðu málefni sem tengist þema kvöldsins, t.d. ákveðnu verkefni hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.

1. Klukkurnar hringja

2. Preludium

3. **Upphafsorð** – kynning á þema kvöldsins, litúrgíu heftið kynnt fyrir söfnuðinum og fólk hvatt til að taka þátt.

4. Upphafssálmur,

T.d. Sálmur 704, Þú ert Guð sem gefur lífið

5. Syndajátning og kyrie

L: Heilagi Guð, skapari okkar. Líttu með náð til okkar sem höfum sært þig með hugsunum, orðum og gjörðum. Við upplifum að vanmáttur og afskiptaleysi leiði okkur að því að gera hið ranga.

Allir: Kyrie eleison, Drottinn miskunna þú oss (*einnig hægt að velja Kyrie úr sálmabókinni og syngja*)

L: Við höfum mengað vötn og höf jarðar. Við dælum rusli út í náttúruna, lífríki sjávar, sköpun þín, getur ekki lifað það af, og víða er skortur á hreinu drykkjarvatni. Drottinn, hjálpaðu okkur í neyð okkar.

Allir: Kyrie eleison, Drottinn miskunna þú oss

L: Við eyðum skógum og misbjóðum jörðinni. Við arðrænum fátæk lönd á sama tíma og eyðimörkin breiðir úr sér og regnskógar hverfa. Við nýtum auðlindir jarðar á ósjálfbæran máta og losum meira af gróðurhúsalofttegundum en skógarnir ráða við að hreinsa.

Þú Drottinn sást að allt sem þú hafði skapað var gott, frelsaðu okkur frá okkur sjálfum

Allir: Kyrie eleison, Drottinn miskunna þú oss

Christe eleison, Kristur miskunna þú oss

Kyrie eleison, Drottinn miskunna þú oss

6. Fyrirgefning syndanna.

L: Líkt og er skrifað í 1. Jóhannesarbréfi: „Ef við játum syndir okkar, þá er hann trúur og réttlátur svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti.“ Guð krefst þessi ekki að við séum fullkomin, heldur mætir hann okkur hér og nú með náð sinni. Hann reisir okkur upp þegar við föllum, svo að við getum þjónað honum og náunganum í kærleika.

7. Víxllestur úr Sálm 148, 1-13

(Hópur I og II, skiptið söfnuðinum t.d. eftir sætaröðum)

I: Hallelúja. Lofið Drottin af himnum,
lofið hann á hæðum,

II: lofið hann, allir englar hans,
lofið hann, allir herskarar hans.

I: Lofið hann, sól og tungl,
lofið hann, allar lýsandi stjörnur,

II: lofið hann, himnanna himnar,
og vötnin himni ofar.

I: Lofi þau nafn Drottins
því að þau voru sköpuð að boði hans.

II: Hann fékk þeim stað um aldur og ævi,
setti þeim lög sem þau fá ekki brotið.

I: Lofið Drottin frá jörðu,
þér stóru sjávardýr og öll djúp hafsins,

II: eldur og hagl, snjór og þoka,
þú stormur, sem framfylgir boði hans,

I: þér fjöll og allar hæðir,
ávaxtatrén og öll sedrustré,

II: þér villidýr og allt búfé,
skriðdýr og fljúgandi fuglar,

I: þér konungar jarðar og allar þjóðir,
höfðingjar og allir valdsmenn jarðar,

II: yngismenn og yngismeyjar,
aldnir og ungir.

Allir: Þau lofi nafn Drottins
því að nafn hans eitt er hátt upp hafið,
hátígn hans ljómar um himin og jörð.

8. Kollekt

9. Sálmur

T.d. Sálmur 706, Syngið Drottni sól og máni.

10. Ritningalestrar – tengdir þema dagsins.

11. Sálmur

T.d. sálmur 707, Frá Guði er líf mitt

12. Hugvekja

13. Tónlist og bænastöðvar með söfnun fyrir góðu málefni.

*Leikin er létt tónlist og fólki boðið að sitja í kyrrð og njóta, eða fara á bænastöðvar.
Hægt væri að vera með eina stöð þar sem kveikt er á kertum, aðra þar sem hægt er að draga biblíuvers tengd þema dagsins, stöð þar sem hægt er að skrifa bænir og leggja í bænakrukku og stöð þar sem hægt er að gefa í söfnunarbauk þar sem safnað er fyrir málefni sem tengist þema dagsins.*

14. Sálmur

T.d. Sálmur 834, Leitið hans ríkis og réttlætis nú

15. Altarisganga (Um kvöldmáltíðina, faðir vor, innsetningarorð, Agnus Dei, kvöldmáltíðin)

16. Kvöldbæn

L: Drottinn við þökkum þér fyrir brauð og vín kvöldmáltíðarinnar.

Við þökkum þér fyrir kærleika þinn sem er fyrir alla.

Vertu með okkur þegar kvöldu tekur og við förum hvert í sína áttina.

Vertu hjá okkur með gæsku þína og náð.

Vertu hjá okkur svo við getum hvílt örugg í þér, líkt og við hvíldum örugg í örmum þínum þegar við vorum borin til skírnar.

Vertu hjá okkur svo að við getum átt lifandi von um að einn daginn munum við ekki ganga um jörðina líkt og gestir eða ókunnugir, heldur sem börn Guðs.

Við þökkum þér fyrir allt, og leitum hvílu í skugga vængja þinna.

Amen.

17. Sálmur

T.d. Sálmur 712, Dag í senn

18. **Blessunarorð** – þau hefðbundnu eða einhver þeirra sem kynnt eru hér að ofan.

19. Postludium

20. **Kvöldmatur** – boðið í kvöldmat og samfélag að messu lokinni.

Fengið frá Grønn kirke í Noregi og heimfært

Græn messa frá Noregi

Þetta messuform kemur frá Norsku kirkjunni og gefur mikið rými til að fjalla um loftslagsbreytingar, ábyrgð mannkyns, von og náð í prédikun dagsins.

1. Inngöngusálmur, sálmur 840, Lof sé þér Guð fyrir allt sem er, vers 1-4.

Sungið meðan prestur, meðhjálparar, börn og aðrir sem aðstoða við guðsþjónustuna ganga inn.

2. Upphafsorð

L: Náð sé með ykkur.

Við erum komin saman í húsi Guðs til að biðja fyrir lífinu.

Við erum komin fram fyrir Skaparann sem gaf okkur jörðina, með plöntum, dýrum, fögru landslagi og mannfólki í öllum sínum fjölbreytileika.

Fyrir allt þetta þökkum við með bæn og söng, orðum og verkum.

Við biðjum að lífið nái að lifa okkur af.

Lífsmáti okkar setur lífið sjálft í hættu, náttúran er að deyja.

Því föllum við fram fyrir þig Guð og játum syndir okkar.

3. Syndajátning. (Lesin af leikmanni)

L: Drottinn, við særum jörðina sem við erum hluti af. Eyðingin vex líkt og krabbamein í líkama jarðar.

Loft, vatn og jörð, sem eiga að færa okkur líf bera sífellt meiri dauða í sér.

(Stutt þögn)

L: Drottinn, þú heyrir hrópin sem opinbera ranglætið milli suðurs og norðurs. Við molum niður sköpunarverk þitt og eyðileggjum líf hvers annars.

(Stutt þögn)

L: Við höfum syndgað gegn kærleika þínum, gegn þér Guð.

Miskunna okkar og fyrirgef okkur, fyrir Jesú Krist, Drottinn vorn.

4. Kyrie (Kór og söfnuður)

Syngja miskunnarbæn úr sálmabókinni.

5. Fyrirgefning syndanna.

L: Líkt og er skrifað í 1. Jóhannesarbréfi: „Ef við játum syndir okkar, þá er hann trúr og réttlátur svo að hann fyrirgefur okkur syndirnar og hreinsar okkur af öllu ranglæti.“ Guð krefst þessi ekki að við séum fullkomin, heldur mætir hann okkur hér og nú með náð sinni. Hann reisir okkur upp þegar við föllum, svo að við getum þjónað honum og náunganum í kærleika.

6. Gloria – Dýrðarsöngur, td. sálmur 830, Guð sem gefur lífið

7. Kollekt

8. Sálmur

T.d. Sálmur 861, Kom völdugi Andi og vertu hjá mér.

9. Ritningalestur og prédikun

10. Kvöldmáltíðar sálmur,

T.d. Sálmur 887, Við tökum marga með oss

Á meðan hann er sunginn bera fermingarbörn brauðið og vínið að altarinu þar sem presturinn tekur við því.

11. Bæn

Drottinn, þú gefur okkur allt sem er gott.

Við komum fram fyrir þig með brauð og vín: ávexti af gjöfum jarðar og vinnusemi handa okkar. Við þökkum þér Drottinn og lofum þig því að þú ert góður og gjafmildi þín þekkir engin mörk.

Drottinn, þú hefur treyst okkur fyrir lífinu á jörðinni, fyrir lífi allra komandi kynslóða, lífi bræðra okkar og systra í fátækari löndum.

Frelsaðu okkur frá því að leggja lífið í eyði.

Góði Guð, mýktu upp hörð hjörtu okkar í ríkari löndum og gefðu leiðtogum okkar visku svo að við deilum gjöfum jarðar á réttláta vegu. Þú sem að mætir okkur alltaf með opnum lófa og gefur lífið, kenndu okkur að fylgja þínu fordæmi. Amen.

12. Kvöldmáltíðar litúrgía

Hægt er að syngja sálm 714, Ég er lífsins brauð, á meðan gengið er til altaris.

13. Blessunarorð

14. Sálmur 840, Lof sé þér Guð fyrir allt sem er, vers 5-8.

15. Kveðja, sjá tillögur að ofan.

Útiguðspjónusta

1. Tónlist

2. Upphafsorð.

L: Drottni heyrir jörðin og allt sem á henni er, heimurinn og þeir sem í honum búa,

Allir: því að hann grundvallaði hana á hafinu, festi hana á vötnunum. (24. Davíðssálmur)

3. Sálmur: Stjörnur og sól, Sálmur 584

4. Upphafsbæn

L: Fyrir jörðina, hafið og himinn, einingu þeirra og litadýrð

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir lífið og orkuna sem streymir í gegnum heiminn

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir dýrð þína sem lýsir upp tíma og rúm

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir undur náttúrunnar, öll heimsins dýr, blómin sem springa út, söng fuglanna og viljastyrk býflugunnar

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir Hann sem þú sendir til að reisa okkur upp þegar við höfðum fallið frá öllu því góða sem þú skapaðir

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir frið Heilags Anda sem lægt getur öldur og kyrrað vind

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir að við fáum að vera dropi í hafi eilífðarinnar

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir að þú hafir gefið okkur tilgang og umvafið okkur kærleika þínum

A: þökkum við þér Guð

5. Ritningarletur

L: Biðjum, Guð opna þú hjörtu okkar og huga svo að við getum tekið á móti og heyrð það sem þú vilt við okkur segja í þínu orði.

A: Amen

Lesið úr Jobsbók 38: 1,4-11, 22, 24-30

6. Sálmur,

t.d. sálmur 840, Lof sé þér Guð fyrir allt sem er, eða sálmur 707, Frá Guði er líf mitt, eða sálmur 704, Þú ert Guð sem gefur lífið.

7. Guðspjallið.

Matt. 22:35-40

8. Prédikun

9. Trúarjátning frá Indlandi

L: Játum trú okkar.

Allir: Við trúum

L: á einn Guð, uppsprettu alls lífs, einn grundvöll jarðar og alls sem á henni er.

Allir: Við játum

L: að sköpunarverkið sé gott, að allt hið skapaða sé óendanlega dýrðmætt, að mannkyn þarfnist náttúrunnar.

Allir: Við trúum

L: á Anda Guðs sem vill leiða okkur nær jörðinni, svo að við hugsum ekki aðeins um okkur sjálf, heldur viljum lifa í friði við jörðina, og deila gjöfum hennar á réttláta vegu. Þannig verður það að vera.

Allir: Amen.

10. Sálmur 834, Leitið hans ríkis og réttlætis nú.

11. Bæn

L: Góði Guð, það er undursamlegt og óskiljanlegt að þú hafir skapað Móður Jörð. Þú heldur allri sköpuninni í höndum þínum og gefur okkur allt sem við þurfum til að lifa.

A: Við þökkum þér og lofum þig Guð.

L: En sköpunarverkið er ekki bara gjöf til okkar. Þú baðst okkur um að fylgja vilja þínum og uppfylla það hlutverk að verja jörðina gegn niðurrifsöflum. Við

gleymum oft hlutverki okkar í leitinni að þægilegra lífi. Vegna þess þjáist jörðin og allt sem á henni býr: yfirborð sjávar fer hækkandi, fellibyljum fjölgar, jörðin skrælnar, andrúmsloftið er mengað og veðrið er öfgakenndara – við upplifum þetta nú þegar.

A: Fyrirgef okkur Guð

L: Við skulum standa saman gegn loftslagsbreytingum. Leyfum heiminum að heyra raddir þeirra sem þjáast. Hættum að tala um þörfina á breytingum og verum breytingin sem við viljum sjá í heiminum, hér og nú.

A: Guð gerðu okkur að verkfæri friðar þíns, Amen.

12. Bænastöðvar – skoðið hugmyndir að bænastöðvum hér fyrir ofan. Á einni þeirra væri við hæfi að safna fyrir málstað tengdum loftslagsbreytingum, hugsanlega verkefni hjá UNICEF eða hjálparstarfi kirkjunnar.

13. Þakkarbæn:

L: Allt kemur frá þér Guð, með lofsöng og þökk gefum við til baka af gjöfum þínum. Þú hefur skapað allt og í kærleika þínum mótaðir þú okkur í þinni mynd. Þegar kærleikur okkar bregst ert þú trúfastur. Þú komst til okkar sem Jesús Kristur til að frelsa okkur og gefa okkur eilíft líf. Allt sem við erum og eigum tilheyrir þér og í þökk fyrir allar þínar gjafir viljum við gefa þér líf okkar og þjónustu. Megi Andinn gera okkur eitt með hvor öðru og með Jesú Kristi svo að við getum þjónað þínu ríki hér á jörð.

M: Amen.

14. Sálmur, t.d. Í svörtum himingeimi e. sr. Davíð Þór Jónsson og Arngerði Maríu Árnadóttur.

15. Blessunarorð

L: Drottinn blessi þig
og gefi þér blessanir sínar:
kyrrð,
ferskt vatn,
víðan sjóndeildarhring,
opinn himinn
og stjörnur sem vísa þér veg
í myrkri næturinnar.

Megi jörðin undir þér
fá fætur þína til að dansa,
gera hendur þínar sterkar,
fylla eyru þín af tónum
og nefið af sætum ilmi.

Megi himinninn yfir þér
fylla sál þína af lotningu,
gefa augum þínum birtu,
sá gleði í hjarta þitt
og leggja þér lofsöng í munn.
Amen

16. Postludium

17. Kveðja

Heimfært frá Meþódistakirkjunni í Noregi.

Gönguhefti fyrir loftslagspílagríma.

Loftslagspílagrímaganga er hugsuð fyrir styttri göngur, 1-2 klukkutíma. Þær geta vel fallið að öðrum uppákomum eða tengst guðsþjónustu með áherslu á umhverfið. Það er gert ráð fyrir fjórum stoppum á leiðinni. Á hverju þeirra gefst rými fyrir táknrænan gjörning, lestur, söng, bæn og kyrrð. Steinar, greinar, lauf og vatn eru góður efniviður fyrir gjörningana. Ef ekki er hægt að nálgast þessa hluti á göngunni er mikilvægt að taka þá með sér, eða sleppa gjörningnum. Einnig er hægt að nota gönguna til að týna rusl og plast úr náttúrunni. Þið getið útbúið gönguhefti með þessari litúrgíu en sérstakt hefti fyrir Loftslagspílagrímagöngur verður sett inn í síðu umhverfisstarfsins fyrir vorið 2019.

1. Upphaf.

Táknrænn gjörningur: *Hvert og eitt okkar finnur sér stein til að bera með sér á göngunni. Steinninn getur táknað bænaefni sem við ætlum að minnast þegar við tökum hann fram, eða að hann getur táknað eitthvað þungt sem við berum í lífinu. Kannski að hann geti táknað ótta okkar um framtíða jarðar og mannkyns sem er þegar farið að þjást vegna loftslagshamfara.*

Lestur úr 23. Davíðssálmi

L: Heyrum orð Drottins.

„Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum þar sem ég má næðis njóta.

Hann hressir sál mína,
leiðir mig um rétta vegu
fyrir sakir nafns síns.“

Bæn heilagrar Birgittu

L: Biðjum saman bænina sem heilög Birgitta, dýrlingur jarðyrkjunnar, bað á 13. öld.

A: Drottinn, vísaðu mér veg þinn og gefðu mér fúsleika til að fara hann.

Söngur í upphafi göngu: Stjörnur og Sól

Við göngum í kyrrð að næsta stoppi.

2. Við eitthvað sem er ónýtt eða í hættu – táknrænn staður á göngunni.

Táknrænn gjörningur: *Veljið stað hjá einhverju sem er í hættu víða í heiminum vegna ágangs mannkyns og loftslagsbreytinga. Til dæmis hjá stóru tré sem gæti verið tákn fyrir regnskógana sem við erum að höggva og eyða. Við leggjum steinana frá okkur hér og gefum okkur tíma fyrir kyrrð og íhugun.*

Lestur frá Jesaja 24,5

L: Heyrum orð Drottins:

„Jörðin vanhelgast
undir fótum íbúa sinna
þar sem þeir hafa óhlýðnast lögnum,
sniðgengið boðin,
rofið sáttmálann ævarandi.“

Bæn frá Lúkasarguðspjalli 18,38

L: Biðjum saman með orðum þeirra sem gengu á undan okkur.

A: „Jesús, sonur Davíðs, miskunna þú mér!“

Taize sálmur: Sálmur 750, Confitemeni domino

Við tökum með okkur fallna grein eða blað af trénu sem vonartákn áður en við höldum göngunni áfram. Því næst göngum við í kyrrð að næsta stoppi.

3. Við eitthvað fagurt eða eitthvað sem gefur líf – táknrænn staður á göngunni

Táknrænn gjörningur: *Veljið ykkur stað, gjarnan við eitthvað fallett eða eitthvað sem gefur líf, t.d. uppsprettu, læk eða vatn. Þátttakendur skulu dýfa fingri í vatnið og teikna krossmarkið á enni sitt eða lófa til að minna sig á skírnina og að við séum hluti af kirkju Krists sem sprengir stað og stund og teygir sig um alla jörð.*

Lestur frá Davíðssálmi 8, 4-5

L: Heyrum orð Drottins.

Þegar ég horfi á himininn, verk handa þinna,
tunglið og stjörnurnar, sem þú settir þar,
hvað er þá maðurinn þess að þú minnist hans,
og mannsins barn að þú vitjir þess?

Taize sálmur: Sálmur 747, Laudate omnes gentes

Bæn

L: Umhyggja Guðs umvefur okkur

A: Við svörum með lofsöng

L: Kærleikur Guðs er sjáanlegur

A: Við svörum með trúmennsku

L: Guð kallar á okkur

A: Við svörum með von

L: Andinn leikur um okkur

A: Við svörum með gleði

Við förum í kyrrð að næsta stoppi

4. Við lok göngunnar.

Táknrænn gjörningur: *Við nemum staðar þegar við höfum náð áfangastað. Við leggjum frá okkur greinarnar eða laufblöðin sem við tókum með okkur og erum saman í kyrrð. Göngu líkamans er lokið, en við erum enn á göngu hið innra og ætlum að halda þeirri göngu áfram í hversdeginum í átt að lífi í von og samstöðu með þeim sem líða vegna loftslagsbreytinga.*

Söngur: Sálmur 834, Leitið hans ríkis og réttlætis nú

Blessun fyrir brennandi hjörtu:

L: Megi Guð blessa þig með óbeit á einföldum svörum, hálsannleik og yfirborðsmennsku, svo að þú megir lifa á djúpinu sem býr í hjarta þínu.

Megi Guð blessa þig með reiði yfir ranglæti, kúgun og misnotkun, svo að þú megir vinna að réttlæti, frelsi og frið.

Megi Guð blessa þig með tárum fyrir þau sem þjást, í stríði og neyð, af hungri og umkomuleysi, svo að þú réttir út hönd til huggunar.

Megi Guð blessa þig með þeirri einfaldni að hafa trú á að þú getir breytt heiminum, svo að þú gerir það sem aðrir telji ómögulegt.

Megi blessun Guðs, Skaparans, Frelsarans og Lífsgjafans vera með þér nú og um alla tíð.

Fjallgöngu guðsþjónusta

Undirbúið guðsþjónustuna gjarnan í samstarfi við gönguklúbb eða ferðafélagið í bæjarfélaginu, fáið þau til að kynna stundina með ykkur og aðstoða við undirbúninginn. Hvetjið fólk til að taka með sér kaffi eða kakó á brúsa fyrir kirkjukaffi á toppnum, eða hvetjið fólk til að taka með sér fjölnota bolla ef þið ætlið að bjóða upp á kaffi. Útbúið litúrgíuhefti sem þið útteilið í upphafi göngunnar, setjið inn textann að sálmunum sem þið ætlið að nota, jafnvel nóturnar ef sálmarnir eru ekki vel þekktir.

1. Við upphaf göngu, víxllestur milli prests og safnaðar.

L: Ég hef augu mín til fjallanna,
hvaðan kemur mér hjálp?

Allir: Hjálp mín kemur frá Drottni,
skapara himins og jarðar.

L: Hann mun ekki láta fót þinn skriðna,
Drottinn mun varðveita útgöngu þína og inngöngu
héðan í frá og að eilífu. (*Úr 121. Davíðssálmi*)

Gengið af stað. Þegar toppnum er náð er upplagt að vera með kirkjukaffi á meðan beðið er eftir að allir komi.

2. Sálmur.

t.d. Sálmur 834, Leitið hans ríkis og réttlætis nú.

3. Upphafsbæn, víxl lestur milli prests og safnaðar.

L: Fyrir jörðina, hafið og himinn, einingu þeirra og litadýrð

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir lífið og orkuna sem streymir í gegnum heiminn

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir dýrð þína sem lýsir upp tíma og rúm

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir undur náttúrunnar, öll heimsins dýr, blómin sem springa út, söng fuglanna og viljastyrk býflugunnar

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir Hann sem þú sendir til að reisa okkur upp þegar við höfðum fallið frá öllu því góða sem þú skapaðir

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir frið Heilags Anda sem lægt getur öldur og kyrrað vind

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir að við fáum að vera dropi í hafi eilífðarinnar

A: þökkum við þér Guð

L: Fyrir að þú hafir gefið okkur tilgang og umvafið okkur kærleika þínum

A: þökkum við þér Guð

4. Miskunnarbæn og dýrðarsöngur

L: Loftið er andardráttur lífsins,

það fyllir lungu jarðar.

Hver andardráttur er áminning

um sköpunarmátt þinn.

Þegar loftið mengast,

sköðum við lungu jarðar

og sköpunarverkið veikist.

Því hrópum við:

A: Kyrie eleison (Sungin eða lesin miskunnarbæn úr sálmabókinni)

L: Dýrð sé Guði í upphæðum

A: og friður á jörðu, og velþóknun yfir mönnunum.

5. Sálmur 830 sunginn, Guð sem gefur lífið

6. Kollekt

7. Ritningarlestur

T.d. Jesaja 25.6-9

8. Guðspjall og prédikun

9. Sálmur: Stjörnur og sól

10. Almenn kirkjubæn og faðir vor.

11. Sálmur: Megi gæfan þig geyma.

12. Lokabæn

L: Biðjum.

Andi sköpunarinnar,

Þú sem hreyfir haf og fljót, gef okkur af vatni lífsins.
Andi sköpunarinnar,
Þú sem flæðir í gegnum skóga jarðar, sáðu í okkur fræjum nýs lífs.
Andi sköpunarinnar
Þú sem brennur í hjörtum fólks þíns, gef að hjarta okkar megi endurnýjast

Allir: Heilagur andi

Þú sem komst til fyrstu lærisveinanna með vindi himins og eldtungum,
komdu til okkar í dag og fylltu okkur af kærleika þínum og mætti.

L: Förum og látum líf okkar bera trúnni vitnisburð.

Leitum að gæsku Guðs í í hinu minnsta og ómerkilegasta.

Sjáum nærveru Krists í samferðarfólki okkar

og látum Andann leiða okkur eftir veginum sem færir sannan frið.

Allir: Amen.

13. Blessunarorð

Fyrir barnastarfið

Fyrir nokkrum árum var fræðsluefnið Græn í garði Guðs gert aðgengilegt á efnisveitu kirkjunnar. Það stendur enn fyrir sínu og hægt er að vinna út frá því í fermingarfræðslu, barnastarfi og unglingastarfi. Hins vegar er nauðsynlegt að búa til meira efni tengt sköpunarverkinu til að nota í barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar. Breytendur eða Changemakers eiga nokkuð af efni og hugmyndum og því hvetjum við söfnuði til að hefja samstarf við Breytendur í æskulýðsstarfi kirkjunnar. Það myndi henta vel að vera með Messy church, eða kirkjubrall, tileinkað sköpunarverkinu.

Vefur jarðar, réttlætisvottanir og taupokar

Hér er hugmynd að stund sem var notuð bæði í 6-9 ára starfi og TTT starfi í Gleráarkirkju á Akureyri, það gekk mjög vel með eldri hópinn en athyglin flögraði mikið hjá yngri hópnum svo að við þurftum að spinna þá stund svolítið út fyrir rammann.

Við erum hluti af vef jarðar

Við setjumst í hring, leiðtogi heldur í endann á garnhnykli sem er kastað á milli, sá sem kastar heldur fast í þráðinn, svo að hnykillinn raknar upp og það myndaðist vefur sem tengir okkur öll saman. Þegar allir eru búnir að fá hnykilinn og allir eru tengdir saman ræðum við aðeins um það hvernig allt er tengt saman í heiminum. Hvernig vörur koma til okkar frá öðrum löndum, t.d. hvernig bændur í Suður Ameríku eru tengdir okkur. Við ræddum að allt líf tengdist og spurðum hvernig það myndi nú fara ef að einhver myndi ákveða að kveikja í sínum enda á þræðinum, þá myndi allur vefurinn finna fyrir því. Þarna er hægt að taka upp ýmis þemu, t.d. réttlæti milli norðurs og suðurs og loftslagsbreytingar. Þyngd samtalsins fer eftir aldri þátttakenda og þetta er líka hægt að nota með unglingum.

Hvað er undir teppinu

Undir teppi var búið að koma fyrir biblíu, kaffipoka með fairtrade merkingu, banana með „follow the frog“ merkingu, tannkremstúbu með míkroplasti í, tannkremi án míkroplasts, einnota plast umbúðum, oblátum, margnota innkaupapoka, sálmbók, súkkulaði með réttlætisvottun, te með fairtrade merkingu.

Leiðtogar lyftu teppinu í 20 sekúndur og á meðan máttu krakkarnir ekki segja neitt, bara reyna að leggja á minnið hvað væri undir teppinu. Þegar teppið var aftur komið yfir áttu þau að skrifa niður hvað hefði verið á borðinu, við fórum yfir það og ræddum hvernig þessir hlutir tengjast, að biblían, sálmbókin og oblátarnar tengdust messunni, boðskapi kristinnar og lífi Jesú, vörurnar með réttlætisvottanir tengjast því að ákvarðanir hversdagsins geta haft áhrif á líf annarra, t.d. líf bænda í Suður Ameríku, og plastruslið tengdist umgengni okkar um jörðina. Þetta er gert til að skapa samtál og til að kynna réttlætisvottanir fyrir krökkunum. Við hvöttum þau til að segja mömmu og pabba frá þessum vottunum og leita að þeim þegar þau eru með þeim í búðinni. Kynnið ykkur Fairtrade, Svansmerkinguna, Krav, Utz og Follow the Frog.

Fjölnota innkaupapoki

Við fengum boli frá Hjálpræðishernum og enduðum stundina á að búa til fjölnota innkaupapoka með því að klippa og hnýta saman bolina, leiðbeiningar að því má finna með því að leita að „DIY no sew tshirt bag“ á Youtube. Passið að vera með góð skæri.

Þetta var góð stund og krakkarnir tóku virkan þátt í samtalinu. Eins og í öllu barnastarfi þarf maður að fylgja aðeins huga barnanna, því urðu þessar tvær stundir mjög ólíkar, en báðir hóparnir bjuggu til poka úr bolum og þótti það mjög spennandi verkefni.

Ýmsar hugmyndir fyrir barnastarfið

Fuglahús og fuglamatarar

Lítið til fugla himinsins. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður og faðir yðar himneskur faðir þá. (Matt. 6:26)

Hægt er að vinna þetta verkefni yfir nokkrar vikur og um að gera að ljúka því fyrir vorið. Finnið teikningu að einföldu fuglahúsi og fuglamatara á netinu og fáið smíð til að sníða til efni fyrir ykkur. Það má eflaust finna einhvern tengdan söfnuðinum sem er tilbúinn að gera þetta fyrir ykkur sem sjálfboðaliði. Skrúfið eða neglið húsin saman með krökkunum og málið þau fallega, merkið þau endilega með krossi eða öðrum táknum, smíðið jafnvel fuglakirkju.

Veljið ykkur tré, hugsanlega nálægt kirkjunni, eða á grænu svæði í hverfinu og festið fuglahúsin upp. Fuglamatarana væri gott að hafa á stöng í beði við kirkjuna eða í tré við kirkjuna. Það væri hægt að gera það að föstum punkti í barnastarfinu að gefa fuglunum eða að heimsækja fuglahúsin.

Baka brauð fyrir altarisgönguna

Til að leiða börnin inn í leyndardóm altarisgöngunnar er spennandi að baka ósýrt brauð með þeim. Til að finna uppskrift er hægt að leita að „Matzah“ eða „ósýrt brauð“ á netinu. Hér passar að vera með hlutbundna kennslu, og útvega sér hveitiöx, alvöru eða gervi, jafnvel

mynd ef annað gengur ekki upp. Hveitifræin eru mörg, en verða eitt í hveitinu og brauðinu. Þannig erum við líka eitt með hvoru öðru og sköpunarverkinu í Kristi. Þarna er tækifæri til að fjalla um það hvernig allt líf hangir saman og tengist hvoru öðru, á sama tíma og við fjöllum um altarisgönguna og gefum þeim hlutverk í guðsþjónustu sunnudagsins.

Páskalilju sérsveitin

„Og hví eruð þér áhyggjufull um klæðnað? Hyggið að liljum vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna. En ég segi yður: Jafnvel Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra.“ (Matt. 6:28)

Útvegið ykkur páskalilju lauka og ræðið við krakkana í unglिंगastarfinu hvaða grænu svæði í hverfinu þau vilji taka yfir með blómahernaði. Farið að kvöldi til um haust og plantið laukunum, ræðið þeim gjarnan skipulega eða í falleg form, við göngustíga og umferðareyjur, á grænum svæðum þar sem annars er lítið líf. Fylgist svo með þegar vorið kemur hvernig þeir lífga upp á hverfið og græna reiti sem annars væru litlausir.

Tiltekt í hverfinu

Fáið krakkana í unglिंगastarfinu til að skipuleggja sjálf hreinsunarverkefni í hverfinu eða fjörunni, búa til viðburð og bjóða fólki. Gefið þeim vettvang til að vera skipuleggjendur og sjá að þau geti haft áhrif til góðs. Treystið þeim til að nota sínar boðleiðir, Facebook, Instagram og Snap Chat til að auglýsa viðburðinn og verið til staðar til að styðja og leiðbeina án þess að taka verkefnið yfir. Hér væri spennandi að tengja starfið út fyrir kirkjuna, t.d. við alþjóðleg hreinsunarverkefni eða verkefni hjá Landvernd. Sjáið yfirlit yfir dagsetningar fyrir náttúrutengd verkefni ofar í handbókinni.

Bænarjóður

Þetta er hugmynd frá sumarþúðunum í Ástjörn þar sem mörg hundruð börn hafa kynnst því hvað það er mikilvægt að eiga tryggan stað til að fara til bæna. Þetta gæti hentað vel í 6-9 ára starfinu. Finnið grænan reit nálægt kirkjunni eða í hverfinu þar sem þið getið raðað steinum í hring, ef til vill í blómabeði til að valda sláttumönnum ekki ama. Ræðið steinum jafnvel í kross inn í hringnum, látið börnin sjá um verkið og látið þau finna að þau eru að gera eitthvað merkingarfullt og heilagt.

Útskýrið að þetta sé staður sem þau geti alltaf komið til ef þau vilja biðja til Guðs, þetta sé þeirra bænarjóður, þeirra heilagi staður sem að þau geti heimsótt hvenær sem þau vilja. Hér er verið að leggja grunn að því að ákveðnir staðir séu teknir til hliðar sem heilagir, og að við getum leitað Guðs og upplifað nærveru hans úti í náttúrunni.

Garðyrkjumenn í sunnudagaskólanum

Sáið baunum eða öðrum jurtum sem vaxa hratt í sunnudagaskólanum og leyfið börnunum að vökva og fylgjast með vextinum yfir veturinn. Þegar baunirnar bera ávöxt geta börnin fengið að borða þær. Þetta er einfalt en gefur ótal tilefni til tenginga við náttúruna, gróandann, næringu og líf.

Sunnudagaskóli eða fjölskyldumessa í berjamó

Verið með sunnudagaskóla að hausti í góðu berjalandi. Syngið, biðjið, segið sögu og hefjist svo handa við að týna ber með krökkunum. Það er upplagt að hvetja ömmur og afa til að mæta

með barnabörnin í slíka stund. Athugið hvort að einhver geti hugsað sér að gefa kirkjunni saft sem væri hægt að bjóða uppá í kirkjukaffinu eftir sunnudagaskóla, eða nota í altarisgöngu í fjölskyldumessu.

Guðfræði

Guð, allur heimur, eins í lágu' og háu,
er opin bók, um þig er fræðir mig,
já, hvert eitt blað á blómi jarðar smáu
er blað, sem margt er skrifað á um þig.
(Sálmur 22, Valdimar Briem)

Það sem við gerum í kirkjunni þarfnast rófestu í ritningunni og trúnni. Það er göfugt að berjast fyrir góðum málstað en sem kristið fólk, og sem kirkja, þá gerum við það í ljósi trúar okkar á þríeinan Guð, lífgjafa sem fyllir allt með anda sínum, skapara alls sem er og frelsara sköpunarverksins.

Guðfræði sem fjallar um náttúruna og umhverfið er gjarnan kölluð vistguðfræði eða jafnvel græn guðfræði, (e. Ecotheology og Green theology) og er sannarlega ekki nýtt fyrirbæri. Hún snýst ekki um að búa til nýjar kennisetningar eða nýja umhverfismála útgáfu af kristindóminum. Öllu heldur felur hún í sér að við skoðum Biblíuna, orð Jesú og trúararfinn með umhverfislögum og veltum fyrir okkur hvað trúin hefur að segja fyrir okkur í dag þegar við stöndum frammi fyrir loftslagsbreytingum, mengun sjávar og þeim ógnum sem þetta veldur lífinu. Orð Jesú um að við skulum elska náungann eins og okkur sjálf hafa sérstaka merkingu þegar við veltum fyrir okkur þjáningum systkina okkar sem upplifa hamfarir vegna loftslagsbreytinga. Sú mynd sem er dregin upp af hlutverki manneskjunnar sem ráðsmann sem eigi að gæta að Eden garðinum hefur töluvert að segja um það hvernig við eigum að ganga um jörðina sem okkur var treyst fyrir. Gyðinglega hugmyndin um frið, shalom, felur í sér jafnvægi milli mannkyns, Guðs og náttúru, jafnvægi sem við eigum að stefna að með því að vinna að friði við jörðina.

Vistguðfræði hefur það að markmiði að leggja fram grænar túlkanir á ritningunni, draga fram rök fyrir ábyrgð mannsins á náttúrunni og sýna að kristin heimsmynd gæti stuðlað að góðri umgengni um náttúruna svo eitthvað sé nefnt. Íslenskir prestar og guðfræðingar hafa verið iðnir við að iðka vistguðfræði, við finnum það líka í sálmaarfinum okkar að við erum upptekin af náttúrunni eins og sálmurinn hér í upphafi vísar til. Prestar hafa prédikað og skrifað um ábyrgð okkar gagnvart náttúrunni og undanfarin ár hafa prófessorar við Guðfræðideild HÍ lagt mikið af mörkum til íslenskrar vistguðfræði.

Það sem hefur vantað á Íslandi er að kirkjan taki til verka, að kirkjur taki boðskapinn og það sem heyrir úr prédikunarstólum inn í daglegt starf safnaðarins. Vistguðfræði er nefnilega ekki aðeins hugmyndafræði eða falleg orð, hún á að vera guðfræðilegi grundvöllurinn sem við stöndum á þegar við sem kirkja tökum til verka í samfélaginu okkar, í orði og verki. Þegar við fjöllum um loftslagsbreytingar í fermingarfræðslunni, þegar við bjóðum til fræðslukvölda um umhverfismál, þegar við tökum þátt í strandhreinsunarverkefni, þegar við smíðum fuglahús í barnastarfinu, þegar við hefjum skógrækt á kirkjujörðinni. Þegar við tökum til verka gerum við það vegna trúar okkar á Guð sem frelsar, Guð sem boðar réttlæti og frið og kallar okkur til fylgdar.

Í lok þessa kafla eru ábendingar um bækur og verkefni á sviði vistguðfræði fyrir þau sem eru áhugasöm um að dýpka sig á þessu sviði. Hér á næstu síðum eru birtir þrjár pistlar og ein prédikun eftir íslenska guðfræðinga. Þetta efni hefur birst áður en hefur enn gildi og undirstrikar mikilvægi þess að kirkjan láti sig þessi mál varða.

Kristin trú og umhverfismál

Sr. Þórhallur Heimisson, birtist fyrst á tru.is

Umhverfismálin eru mál málanna í dag. Eins og allir vita berast okkur stöðugt fréttir af þeirri ógn sem vofir yfir umhverfi okkar og lífríkinu öllu. Inngrip okkar manna í náttúruna verður stöðugt meira og afdrifaríkara. Á öldum áður var barátta mannsins við umhverfið jöfn og upp á líf og dauða eins og við oft fengum að reyna hér á landi. En í kjölfar iðnbyltingarinnar hefur dæmið snúist við. Nú er það náttúran sem á undir högg að sækja. Stöðug fjölgun jarðarbúa helst í hendur við síaukna sókn í auðlindir jarðarinnar. Það þarf að fæða og klæða og hýsa fleiri og fleiri manna börn hverja stund sem líður. Til þess þarf að höggva meiri skóga, brjóta meira land til ræktunar, veiða meira í höfunum, og auka notkun eldsneytis í öllum sínum myndum.

Það er þó ekki þar með sagt að neyslan og skipting auðæfa jarðarinnar sé réttlát og jöfn. Það vitum við líka af fréttum. Við hér á Vesturlöndum eyðum meiru en aðrir íbúar jarðarinnar samanlagt af olíu og öðrum afurðum jarðarinnar. Við búum líka yfir meiri tækni en aðrir til að virkja afl jarðar. En því miður virðumst við ekki kunna okkur hóf. Bílum fjölgar, loftmengun eykst og nú vofa yfir loftslagsbreytingar af mannavöldum sem munu umhverfa lífríkinu í öllum sínum myndum. Vísindamenn spá hækkandi hitastigi jarðar, auknum öfgum í veðurfari, þurrki þar sem áður rigndi, kulda þar sem áður var hiti og þannig mætti lengi telja.

Aðgangsharkan gagnvart jörðinni og umhverfi okkar mun smátt og smátt breyta lifnaðarháttum okkur. Talað er um að styrjaldir 21. aldarinnar muni fyrst og fremst verða háðar um orkulindir og vatn sem verður dýrmætara með hverjum deginum sem líður. Og mengun er ekki aðeins eitthvað sem á sér stað í útlöndum eins og gjarnan var viðkvæðið hér á landi áður fyrr.

Misskipting auðæfa heimsins er heldur ekki einskorðuð við útlönd. Hér á landi berast fréttir af ótrúlegum tekjum auðmanna þrátt fyrir kreppu, á meðan aðrir eiga ekki til hnífs og skeiðar. Því finnum við átakanlega fyrir við kirkjuna um þessar mundir.

Það takast á ólík sjónarmið í þessari umræðu. Bent er á nauðsyn atvinnutækifæra í heimi þar sem fólksfjöldi fer vaxandi, heimurinn krefst aukinnar framleiðslu, neyslan eykst dag frá degi og þannig mætti lengi telja. Hinn ríkari hluti heimsins vill fleiri bíla, meiri olíu, meiri munadurvöru. Uppbygging krefst fórna eins og til dæmis skógarhöggið í Amason sem ógnar lungum jarðarinnar en stjórnvöld í Brasilú segja nauðsynlegt ef framleiðslan eigi að halda áfram að aukast þar í landi.

Kirkjan og allt kristið fólk er kallað til að láta sig umhverfismál varða, kallað til að bera ábyrgð á þeirri sköpun Guðs sem okkur er falin og vernda hana eftir mætti. Því lífríkið allt er sköpun Guðs, helgað af Guði og dýrmætt í augum hans. Okkur mönnum er fengið lífríkið að láni á meðan við lifum hér á jörðu, við eigum að skila því af okkur heilu og í blóma fyrir nýjar kynslóðir.

Guð vakir yfir öllu lífi, allri tilverunni og lætur sér það varða hverja stund. Í fyrstu Mósebók er þessu lýst á svo ljóðrænan og skáldlegan hátt með þeim orðum að Guð hafi aðgreint ljósið og myrkrið þegar hann skapaði heiminn í upphafi. Hebreska orðið sem notað er til að túlka þessa sköpunarathöfn Guðs skilar sér reyndar ekki vel í íslensku þýðingunni. Það þýðir í raun að Guð hafi gengið inn í myrkrið sem stöðugt ógnar heiminum og aðgreint það með krafti sínum frá ljósinu. Allar stundir og að eilífi heldur Guð síðan frummyrkrinu frá sköpuninni, frummyrkrinu og hinni endanlegu eyðingarógn. En ógnin er alltaf fyrir hendi. Myrkrið sækir að sköpuninni og reynir sífellt að þrengja sér fram hjá máttugum armlegg Drottins. Ef Drottin drægi vernd

sína frá heiminum myndi myrkrið gleypa ljósið og lífið. Það vofir því stöðug ógn yfir heiminum. Allt það sem berst gegn lífinu í sínum margbreytileika berst með myrkrinu og eyðingaöflunum.

Og við mennirnir, okkur er falið hlutverk í þessari miklu kosmísku baráttu ljóss og myrkurs, sköpunar og eyðingar, Guðs og hins illa. Við erum samverkamenn Guðs í heiminum. Hann hefur kallað okkur til að starfa með sér, til að heyja hina góðu baráttu fyrir ljósinu og lífinu með sér. Ábyrgð okkar er því mikil og alger í raun og veru. Hver einasti maður er ábyrgur. Enginn fær skorast undan þessu hlutverki sínu. Því sönn mensska, það er að axla ábyrgð sína og taka á með sköpunarmætti Guðs.

Að axla þannig ábyrgð sína þýðir ekki að við eigum að hverfa aftur upp í trén. Sem samverkamenn Guðs er okkur vissulega falið að nýta auðlyndir jarðarinnar okkur sjálfum og mannkyni öllu til góða. En okkur ber að gera það undir merkjum ljóssins, með fullri ábyrgð og af virðingu fyrir þeirri sköpun sem Guð helgar og viðheldur hverja stund – vitandi að sköpunin er ekki okkar eign heldur Guðs.

Það getum við gert í stóru sem smáu hvert og eitt. Með því til dæmis að hugsa um neyslu okkar, kunna okkur hóf, flokka sorp, endurvinna dagblöð og fleira í þeim dúr. Það getum við líka gert sem þjóðfélag. Og hin þjóðfélaglega ábyrgð felst ekki síst í því að finna samhljóm milli þess hvernig við nýtum auðlindir jarðarinnar og verndum þær um leið og við skilum þeim til komandi kynslóða.

En það er kannski stærsta áskorun mannkyns á 21. öldinni, þetta að finna samhljóminn milli nýtingar og verndar og virðingar gagnvart náttúrinni.

Mannmiðlægni, ráðsmennska og lífmiðlægni

Sr. Sigríður Guðmarsdóttir, birtist fyrst á tru.is

Hvað kenndi kristnin fólki um tengsl þess við umhverfið? ...Kristin trú erfði ekki aðeins frá gyðingdómnum línulegan söguskilning sem gerði ekki ráð fyrir endurtekningu, heldur einnig sérstaka sköpunarsögu. Ástríkur Guð og almáttugur hafði skapað ljósið og myrkrið, stjörnur, jörð og allar hennar jurtir, dýr, fugla og fiska í nokkrum áföngum. Guð sló smiðshöggið með því að skapa Adam en fékk síðan eftirþanka og skapaði Evu svo að maðurinn yrði ekki einmana. Maðurinn nefndi öll dýrin og lagði þar með grunn að yfirráðum sínum yfir þeim. Guð skipulagði alla þessa sköpun, sérstaklega manninum til stjórnar og handa, ekkert í sköpuninni hafði neinn tilgang, nema til að þjóna manninum. Og jafnvel þótt líkami mannsins sé gerður af leir, þá er hann ekki aðeins hluti náttúrunnar, hann er skapaður í Guðs mynd.

Kristindómur eru mannmiðlægustu trúarbrögð veraldar og þá sérstaklega í sinni vestrænu mynd.

Þannig skrifar miðaldasagnfræðingurinn Lynn White yngri í grein um umhverfismál og kristindóm „The historical roots of our ecological crisis“ árið 1967. Greinin átti eftir að vekja mikla athygli og viðbrögð guðfræðinga við henni skiptust aðallega í tvö horn. Annars vegar voru þeir sem töldu að White hefði kristindóminn fyrir rangri sök. Hlutverk manneskjunnar í sköpunarverkinu skv. Gen.1:28 væri ekki að drottna yfir sköpuninni, heldur að sinna ráðsmennskuhlutverki og gæta jarðarinnar fyrir Guð.

Aðrir guðfræðingar töldu að þrátt fyrir nokkra einföldun, hefði White mikið til síns máls, kristin trú þyrfti að verða lífmiðlægari, hún væri áhugalaus um náttúruna og líkamann og of upptekin af manninum sem einhvers lags miðpunkti sköpunarinnar. Ráðsmennskuhugmyndin væri enn of mannmiðlæg til þess að hafa mikið að gefa nútíma umhverfisverndarumræðu.

Þessi kristna græna guðfræðigagnrýni fann sér ólíka farvegi t.d. í sakramentalskri dulúð sem leitar í fjölbreytilegar hefðir miðaldanna að lífmiðlægari heimslíkönum, vistfemínisma sem gagnrýnir karlmiðlægni (androcentrism) í sköpunarverkinu ekki síður en manneskjumiðlægni (andropocentrism), prósess guðfræði sem heldur fram tengslum og pan-en-the-isma (pan-en-theismi=Allt er í Guði) í stað klassísks the-isma sem setur mjög skýr skil á milli guddómsins og sköpunarinnar, guðfræði undir áhrifum djúplægrar vistfræði (deep ecology), og aukinni áherslu á samtal vísinda og trúar.

Fjörutíu og tvö ár eru liðin frá því að Lynn White setti fram gagnrýni sína á mannmiðlægni kristinnar trúar og á þessum árum hafa hinar ýmsu greinar vistguðfræðinnar sprottið upp á akri fræðanna. Flestar kirkjur veraldar hafa líka orðið grænni á þessum árum. Alkirkjuráðið hefur staðið að öflugri umræðu um tengsl friðar, réttlætis og umhverfisverndar og það hafa minni kirknasamtök eins og Lútherska heimsambandið líka gert.

Kirkjur veraldar eiga bæði gamla og nýja græna texta og túlkanir. En hvernig gengur að fara eftir þessu öllu, hvernig gengur að færa allar þessar skýrslur og guðfræðitexta yfir í grænan praxis, umhverfisvænt líf sem er ábyrgt gagnvart sköpuninni og vinnur gegn umhverfisvánni í heiminum? Hvernig gengur að endurskoða stöðu manneskjunnar innan náttúrunnar?

Eru kirkjurnar til að mynda kirkjurnar á Íslandi öðrum til fyrirmyndar í umhverfismálum? Er endurunnið þar eða eru kirkjurnar fullar af einnota umbúðum? Er Guðinn sem er játaður í íslenskum kirkjum fjarlægur og aðskildur lífinu á jörðinni, upptekinn af sálum og eftirlífi, eins og Lynn White taldi eða birtist almættið í tengslum líkama og grænnar jarðar? Er lífið miðlægt í prédikun okkar eða manneskjan ein?

Vistfræði samtímans í ljósi Davíðssálma

Aldís Rut Gísladóttir, guðfræðingur. Birtist fyrst í tímariti Biblíufélagsins, B+.

Á vorönn 2015 sat ég námskeið hjá leiðbeinanda mínum dr. Gunnlaugi A. Jónssyni í ritskýringu Saltarans. Lesefni námskeiðsins var m.a. nýútgefin bók hans Áhrifasaga Saltarans. Við lestur þessarar góðu bókar kviknaði sú hugmynd hjá mér að nota mætti Davíðssálmana til að vekja fólk til vitundar um umhverfi sitt og loftslagsbreytingar.

Í Saltaranum er að finna miklar náttúrulýsingar og því hefur verið haldið fram að Davíðssálmarnir séu meginheimild okkar um sköpunartrú Biblíunnar og að með orðinu “sköpun“ sé rætt fyrst og fremst um vistkerfið á líðandi stund, lífkeðjuna, um skipan náttúrunnar og skikkan skaparans.

Nefnd sem starfar á vegum Sameinuðu þjóðanna og kallast milliríkjanevnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar gaf frá sér úttektarskýrslu um loftslagsbreytingar árið 2014. Í skýrslunni er fjallað um áhrif loftslagsbreytinga á náttúru og samfélög og möguleika til aðlögunar. Það sem m.a. kom fram í þessari skýrslu var það að áhrif loftslagsbreytinganna eru óafturkræf. Heimsbyggðin er að mörgu leyti illa viðbúin því að mæta loftslagsbreytingunum.

Vistkreppan er siðferðilegt málefni sem kristnir eiga að láta sig varða. Loftslagsbreytingar eru guðfræðilegt vandamál, vandamál sem stafar af sýn okkar á Guð og okkur sjálf.

Vandamálið er andlegt, það snýr að viljanum til að breytast. Við vitum öll að loftslagsbreytingar eru staðreynd og við vitum hvaða stórslys er í vændum ef við breytum ekki lifnaðarháttum okkar. Meiri kunnátta og tækni er ekki að fara að leysa vandamálið, einungis breyting á mannlegum vilja og sýn okkar á okkur sjálf mun leysa vandamálið.

Hvergi í öllum bókum Biblíunnar er að finna jafn mikla orðræðu til Guðs og um Guð eins og í Saltaranum. Saltarinn er því góður staður til að byrja vegferðina í leit að andlegum úrræðum til að breyta sýn okkar á okkur sjálf og Guð í þágu náttúrunnar.

Mikið er notað af myndmáli og myndhverfingum í Saltaranum og er það snar þáttur í hebreska ljóðaforminu. Femíniskir guðfræðingar leggja áherslu á að málfar um Guð skipti miklu máli því það endurspeglar okkar dýpstu trú og skoðun á Guði og okkur sjálfum. Þeir vilja breyta málfarinu, eða að minnsta kosti útvíkka hið hefðbundna málfar sem notað er um Guð, því þeir telja þetta viðtekna tungutak stuðli að þröngsýnum skilningi á Guði.

Mary Daly sagði svo eftirminnilega: „Ef Guð er karlkyns, þá er karlmaðurinn Guð. Hið guðlega feðraveldi heldur áfram að veikja konur svo lengi sem því er leyft að lifa sem hugarburður manneskjunnar“. Þessi setning bendir á mátt myndlíkingarinnar til að skapa veruleika. Arthur Walker-Jones notar þessa frægu setningu út frá sjónarhorni jarðarinnar og þá mætti segja: „Ef Guð er manneskja, þá er manneskjan Guð. Hin guðlega manneskja heldur áfram að eyðileggja jörðina svo lengi sem hin guðlega manneskja fær að lifa áfram sem hugarburður manneskjunnar“. Fjölbreytt nöfn og myndmál yfir Guð eru nauðsynleg til að ná að endurspegla Guð til fulls. Finna má mun fjölbreyttara málfar um Guð innan ritningarinnar og hefðarinnar en yfirleitt er notað.

Vistfræðileg túlkunarfræði, sú túlkunarfræði sem glímur við veruleikann af sjónarhóli vistfræðinnar, þarf að finna myndlíkingar þar sem Guði er líkt við jörðina til að gefa jörðinni meira vægi. Guð sem klettur er einn slíkur möguleiki. Tilvísanir í Guð sem klett eru fleiri í

Saltaranum heldur en tilvísanir í Guð sem föður. Tilvísanir um Guð sem klett er að finna tuttugu og einu sinni í Saltaranum en eingöngu þrisvar sinnum sem föður. Myndlíkingar eru notaðar til að útskýra eitthvað sem við þekkjum ekki með einhverju sem við þekkjum. Áhrifaríkar myndlíkingar ýta undir skilning okkar á Guði og segja einhvern sannleika um Guð en þær minna okkur einnig á að hinn guðdómlegi veruleiki fari alltaf fram úr myndlíkingunni. Spurningin um hvaða orðalag er notað um Guð snertir og dregur í efa sumar af okkar dýpstu sannfæringum og tilgátum um hver Guð er og hvernig sambandi Guðs við heiminn er háttað.

Sallie McFague telur í bók sinni *A New Climate for Theology* að róttæk breyting á sjálfsskilningi mannsins sé nauðsynleg til að sporna við loftslagsbreytingunum sem og sýn okkar á Guð. Ég tel að með því að lesa Davíðssálmana og í raun alla Biblíuna út frá vistfræðilegri túlkunarfræði og sjá þar náttúrumyndlíkingarnar sem notaðar eru yfir Guð t.d. sem klett geti hjálpað okkur í vegferðinni að breyta sýn okkar á okkur sjálf og Guð.

Ég trúí á Guð föður, skapara himins og jarðar segir í postullegu trúarjátningunni. Myndin sem við sjáum af Guði, skapara himins og jarðar, í sálum Saltarans breytist eftir því sem við komumst lengra í pílgrímsför okkar sem lestur Saltarans er. Mynd Guðs breytist úr því að vera af stríðsmanni og konungi sem frelsar einstaklinga og þjóðir, sem er algengt stef í fyrstu bókum Saltarans, yfir í handverksmann sem er viðstaddur og veitir blessun, frjósemi og guðlega forsjón allri sköpuninni. Ekki einungis breytist mynd Guðs heldur breytist einnig mannskilningurinn. Hann breytist úr því að maðurinn er einangraður og hafinn yfir jörðina í fyrstu bók Saltarans yfir í það að hann sameinast jarðarsamfélaginu (e. earth community) í fjórðu og fimmtu bók Saltarans.

Umhverfisvandinn er m.a. talinn stafa af firrtri sýn á okkur sjálf, sambandi okkar við Guð og náttúruna. Ég tel að það sé margt í Saltaranum sem geti veitt andleg og siðfræðileg úrræði gegn umhverfisvandinum. Í vegferðinni sem lestur Saltarans er breytist sýn okkar á okkur sjálf, Guð og náttúruna. Með því að afbyggja og endurbyggja þetta samband getur sýn okkar á umheiminn breyst. Við förum að sjá okkur samtengdari umhverfinu og háðari því. Við erum hluti sköpunarinnar, ekki yfir hana hafin. En þó við séum hluti sköpunarinnar berum við samt siðferðilega ábyrgð gagnvart henni. Við getum ekki farið með hana að vild. Hlutverk guðfræðinga er að hvetja til nýrrar hugsunar um Guð og manninn af sjónarhóli vistfræðinnar. Saltarinn er þar mikilvægt verkfæri sem færir okkur nær jörðinni, Guði og okkur sjálfum.

Trúboð og umhverfisvernd

Sr. Eva Björk Valdimarsdóttir, prédikun flutt í kapellu Háskóla Íslands.

En lærisveinarnir ellefu fóru til Galíleu, til fjallsins sem Jesús hafði stefnt þeim til. Þar sáu þeir hann og veittu honum lotningu. En sumir voru í vafa. Og Jesús kom til þeirra, talaði við þá og sagði: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu. Farið því og gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið þá í nafni föður og sonar og heilags anda og kennið þeim að halda allt það sem ég hef boðið yður. Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar.“ (Matt 28.16-20)

Fyrir um fjörutíu árum síðan birtust fyrstu myndirnar af jörðinni teknar úr geimnum. Aldrei áður hafði maðurinn séð heimkynni sín utan frá, jörðina úr þessari fjarlægð fljótandi um umvafða skýjum, en svo bara engu. Þessar myndir voru ótrúlegar, myndir af jörðinni rísa upp fyrir sjóndeildarhring tunglsins rétt eins og við sjáum sólina rísa hér á jörðinni. Frá þessu sjónarhorni er jörðin eins og hver önnur pláneta, lítill og varnarlaus hnöttur í myrkri víðáttu geimsins. Þetta var alveg ný sýn og sumir fylltust vonleysi og tilgangsleysi við þessa sýn. Hvaða tilgang hafði líf einnar agnarsmárrar mannveru á þessari litlu kúlu í víðáttu himingeimsins. Aðrir fylltust hins vegar lotningu yfir fegurð bláa hnattarins.

Útsýnið frá fjallinu í Galíleu þar sem hinn upprisni Jesús hitti lærisveina sína hefur örugglega verið nokkuð magnað líka. Þau hafa haft gott útsýni yfir Galíleu, þau sjá landslagið og einhver af þeim svæðum sem þau höfðu farið um, ef til vill sáu þau Miðjarðarhafið eða Galíleuvatn. Margar þjóðir eru á þessu svæði og það er eins og yfirsýnin á fjallinu sé meiri í frásögninni en hún gat í raun verið. Það er eins og þau líti yfir ólíkar þjóðir, gyðinga sem telja sig hólþna vegna lögmálsins og svo hinar þjóðirnar í kring, heiðingjana.

Þessi frásögn myndar einskonar hápunkt guðspjallsins og er mikilvæg niðurstaða þess. Jesús upplýsir þá um vald sitt og umboð „allt vald er mér gefið á himni og á jörðu“. Hann er hinn upprisni Drottinn og í nafni hans eiga þau að fara og gera allar þjóðir að lærisveinum, sem sagt boða þá trú sem hann hefur boðað þeim, feta í hans fótspor.

Þau eiga að skíra í nafni föður, sonar og heilags anda og kenna þeim að halda allt sem hann hafði boðið þeim. Þessar setningar eru hluti af hápunktinum og niðurstöðunni sem ég minntist á áðan. Ef við værum í kennslustund núna þá myndum við strika undir þetta. Gerið allar þjóðir að lærisveinum, skírið og kennið.

Með því að segja allar þjóðir er hann að opna það sem hann hefur boðað, trúinna á Guð föðurinn og hjálpræði hans fyrir öðrum en bara gyðingum. Hann býður lærisveinum að boða trú og þar með að veita öllum þjóðum lykilinn að þessu hjálpræði. Hann er ekki að skipa þeim að boða trú með Biblíuna í annarri og sverðið í hinni. Við þekkjum þannig sögur, en þær eru ekki af Jesú. Hann er ekki að segja þeim að berja hinar þjóðirnar til hlýðni svo við getu öll verið hluti af sama hagkerfinu, hagkerfi var ekki til í orðaforða Jesú.

En hvað var hann þá að segja þeim að kenna?

Hjá Mattheusi er fjallið mikilvægt. Fyrr í guðspjallinu kenndi hann þeim ásamt miklum mannfjölda einmitt á þessu fjalli. Það sem við köllum núna fjallræðuna. Þar kenndi hann þeim

að biðja faðir vorið og þar eru líka sæluboðin sem segja meðal annars „sælir eru hógværir því þeir munu jörðina erfa, sælir eru þeir sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu því að þeir munu saddir verða, sælir eru friðflytjendur því að þeir munu Guðs börn kallaðir verða“.

Síðan eru liðin um 2000 ár. Það mætti halda því fram að okkur hafi gengið ágætleg að boða kristna trú. Hún hefur nú náð til fjölda þjóða um allan heim og er fjölmennasta trúarhreyfing jarðarinnar. En við höfum ekki verið þeir þjónar Krists sem hann kallaði okkur til að vera. Við særum hvert annað með klofningi og stríðum. Stríðum sem eru sum í nafni réttlætis en eru aldrei réttlát gagnvart þeim sem lenda í þeim miðjum. Við höfum líka misnotað sköpunina, landið og hafið, jörðina okkar með yfirgangi og rányrkju. Við byggjum þar sem okkur þóknast, nýtum þær auðlindir sem við þurfum og losum svo ruslið frá okkur hvar sem er án þess að hugsa um afleiðingarnar fyrir komandi kynslóðir. Þetta er gengið svo langt að við þurfum að hafa áhyggjur af eigin áhrifum og valdi.

Það er ekki langt síðan að mannkynið hefur gert sér grein fyrir því að þessar litlu mannverur sem svífa um á litlu bláu kúlunni gætu verið ábyrgar fyrir því að fjölbreytileiki lífríkis hennar sé í hættu eða að þær geti eyðilaggt lofthjúpin sem ver hana. Sem betur fer urðu myndirnar af jörðinni úr geimnum uppspretta og innblástur að stofnun hreyfinga um umhverfisvernd. Rétt eins og þegar Jesús horfði frá fjallinu og sendi lærisveina sína í trúboðsleiðangur varð sýnin yfir jörðina til þess að margir fóru líka í sendiför til þess að bjarga jörðinni.

Það tungutak sem Jesús notar í trúboðsskipuninni er allt umvefjandi, honum er allt vald gefið, þeir skulu boða trú öllum þjóðum, og kenna þeim allt sem hann hefur boðið þeim. Hin kristna hugsun um himin og jörð er líka heildræn. Efni og andi eru ekki tvær andstæður heldur bæði hluti af sömu heild. Sköpunarsagan segir okkur einmitt þetta. Sköpunin er ekki gerð úr hræi skrímslis sem Guð sigraði, hún er verk Guðs. Í fyrstu sköpunarsögu Biblíunnar segir „Guð nefndi þurrlendið jörð og safn vatnanna nefndi hann haf. Og Guð sá að það var gott“. Þessi niðurstaða er endurtekin nokkrum sinnum, hún er mikilvæg. Sköpunin er góð og hefur tilgang í sjálfri sér.

Sú umhverfis krísa sem við stöndum frammi fyrir í dag kallar á samtal milli ólíkra þjóða og trúarbragða, það þurfa allir að vera með. Kristin trú hefur breiðst út um allan heim og er fjölmennasta trúarhreyfing heims. Við höfum því ótrúlegt vald og tækifæri. Jesús ætlaði henni að vera farvegur hjálpræðisins og brýndi okkur til hógværdar, réttlætis og að boða frið. Ég held að honum yrði ekki á móti skapi að kirkjan okkar verði farvegur þess að við komumst út úr hringrás rányrkju og eyðileggingar á sköpunarverki Guðs.

Ég las eitt sinn ummæli frá saudi-arabískum geimfara sem hafði starfað í alþjóðlegu geimstöðinni. Hann sagði að fyrsta daginn sem nýr hópur tæki við byrjuðu þau öll að finna sín lönd, á þriðja degi reyndu þau að benda á það hvar þeirra heimsálfur byrjuðu og enduðu. En á fimmta degi gerðu þau sér grein fyrir því að það væri aðeins ein jörð og þau hluti af sama mannkyni. Páll postuli segir einmitt „Ekki er munur á gyðingi og grískum manni, því að hinn sami er Drottinn allra, fullríkur fyrir alla þá sem ákalla hann“

Þetta er líka mikilvægt, við þurfum að sjá jörðina sem heild eins og geimfararnir og eins og Jesús þegar hann leit yfir landið. Hann sendir okkur um gjörvalla jörðina til að boða og þjóna í

nafni Krists. Við þurfum að opna hjörtu okkar fyrir kærleikanum og fyrir því að við erum öll sköpuð í mynd Guðs. Við þurfum að láta okkur annt um sköpunina og taka opnum örmum fjölbreytileika lífsins. Kærleikurinn, elskan til hvers annars er það sem skiptir máli. Elskan er mikilvægust, stærst og lykillinn að þessu öllu. Trúboðsskipunin er enn í fullu gildi og aldrei mikilvægari en einmitt nú. Því svo elskaði Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki heldur hafi eilíft líf.

Ítarefni um vistguðfræði

Nemendaverkefni við Háskóla Íslands

Anna Þóra Paulsdóttir, *Maðurinn, umhverfið og Guð. Guðsmynd, mannskilningur og heimsmynd sem boðaða er í æskulýðs-og fermingarstarfi þjóðkirkjunnar og í starfi grunnskóla* (<http://hdl.handle.net/1946/16322>)

Aldís Rut Gísladóttir, „Þú lést lindir spretta upp í dölunum.» *Vistfræði samtímans í ljósi Davíðssálma* (<http://hdl.handle.net/1946/22787>)

Sindri Geir Óskarsson, *Vistguðfræði og umhverfisvandinn: Framlag Sallie McFague og Richard Bauckham*, (<http://hdl.handle.net/1946/17962>)

Sindri Geir Óskarsson, *Guð og grænir skógar: Guðfræðileg og siðfræðileg rök fyrir umhverfisaðgerðum og grænu kirkjustarfi á Íslandi*, (<http://hdl.handle.net/1946/25948>)

Jarþrúður Árnadóttir, *Kúgun kvenna og náttúru: Frá sjónarhóli guðfræðilegrar femínískrar vistfræði* (<http://hdl.handle.net/1946/16479>)

Bækur

Sólveig Anna Bóasdóttir, *Guð og gróðurhúsaáhrif, Kristin siðfræði á tímum loftslagsbreytinga*, Forlagið, 2017.

Elizabeth A. Johnson, *Creation and the Cross: The Mercy of God for a Planet in Peril*, Orbis Books, 2018.

Elizabeth A. Johnson, *Ask the Beasts: Darwin and the God of Love*, Bloomsbury, 2015.

Frans Páfi, *Laudato si - On Care for Our Common Home, Our Sunday Visitor*, 2015.

Sallie McFague, *A New Climate for Theology: God, the World, and Global Warming*, Fortress Press, 2008.

Næstu skref

Prófið ykkur áfram og verið óhrædd við að gera mistök.

Kirkjur um allan heim eru að reyna að mæta umhverfisvandanum á skapandi máta og virkja samfélög í baráttunni fyrir betri framtíð. Allt sem við gerum skapar reynslu sem hægt er að byggja á til framtíðar. Verið því dugleg að reyna og deilið því sem þið gerið með öðrum.

Umhverfisstarf kirkjunnar er drifið áfram af hugsjón og við þörfnumst þess að allt kirkjufólk sem brennur fyrir málefninu leggi okkur lið. Talið við sóknarnefndir, leikmenn, presta, djákna og organista um grænt kirkjustarf og reynið að fá söfnuðinn ykkar til að fylgja heftinu „Græni söfnuðurinn okkar“. Kirkjan á ekki að draga lappirnar á þessu sviði heldur vera til fyrirmyndar.

Guð gefi ykkur hugrekki og innblástur til að hefja umhverfisstarf í kirkjunni ykkar.

Vefsíða umhverfisstarfsins: www.kirkjan.is/graenkirkja

Umhverfisstarfið á facebook: www.facebook.com/graenkirkja